



SKOÐUN Efna þarf til þjóðaratkvæðagreiðslu hið fyrsta um viðræður við ESB, skrifar Helgi Magnússon. **12**



MENNING Stílistinn Hulda Halldóra Tryggvadóttir sá um myndabátt fyrir tískuhúsið Kenzo Paris. **30**



SPORT Stigameistararnir Rúnar og Sigrún Arnórsbörn eru ekki sammála um notkun golfhanska. **26**

30 ÁRA AFMÆLISBLAÐ

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

ENDURMENNTUNAR FYLGIR BLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur

3. september 2013
206. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Smíðar þrívíddartæki

Íris Ólafsdóttir hefur hannað búnað til að festa á hefðbundnar myndavélar sem gerir þeim kleift að taka þrívíddarmyndir. Hún safnar nú peningum á netinu til þess að geta hafið framleiðslu. **2**

Prófessorar funda um Jón Baldvin


Félag professora við ríkisháskóla hyggst funda um mál Jóns Baldvins Hannibalssonar á morgun. **2**

Aukinn þorskvóti

Aflamark í þorski er 14 þúsund tonnnum hærra á næsta fiskveiðidag en því síðasta. **4**

Hagstofan í forgang

Umdeilt frumvarp um Hagstofuna verður í forgangi á septemberþingi. **6**



Bolungarvík	8°	SV	6
Akureyri	8°	SV	8
Egilsstaðir	12°	VSV	8
Kirkjubæjarkl.	9°	SV	5
Reykjavík	9°	SV	7

Skúrir á víð og dreif vestan- og norðanlands en bjart með köflum allra austast. Minnkandi vindur og hiti á bilinu 7 til 15 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Bílar | Fólk



Telur lög um kynjakvóta ekki henta lífeyrissjóðum

Landssamtök lífeyrissjóða hyggjast taka það upp við stjórnvöld hvort lög um kynjakvóta í stjórnnum skuli eiga við um lífeyrissjóði. Sjö sjóðir nú brotlegir við lög. Framkvæmdastjóri LL segir lögin ekki hönnuð fyrir lífeyrissjóði.

LÍFEYRISJÓÐIR Framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða segir að lög sem snúa að kynjahlutfalli í stjórnnum lífeyrissjóða kunni að ganga of langt og býst við að funda með núverandi stjórnvöldum vegna málsins. Þau séu ekki hönnuð með hagsmuni lífeyrissjóðanna að leiðarljósi. Enn uppfylla sjö lífeyrissjóðir ekki skilyrði laganna, sem tóku gildi í fyrradag.

Samkvæmt lögnum á hlutfall hvors kyns að vera að lágmarki fjórutíu prósent í stjórnnum allra lífeyrissjóða. Í dag er heildarhlutfall kvenna í stjórnunum 44,4 pró-

sent. Einn sjóð vantar tvær konur í stjórnina, fjóra sjóði vantar eina konu í stjórnina og tvo sjóði vantar einn karl í stjórnina, samkvæmt nýlegri samantekt KPMG.

Þórey Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, segir að í sumum þessara tilfella sé uppistaða sjóðfélaga af öðru hvoru kyninu, eins og hjá Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga. „Það er allt hægt, það er hægt að búa til einhverja fléttulista en þá getur það líka verið þannig að það sé verið að ýta fólki út vegna þess að það er af öðru hvoru kyni. Það eru kostir og gallar í þessu.“

Hún segir að á næstunni megi búast við því að samtökin taki málið upp við núverandi stjórnvöld. „Við vitum ekki hvort þetta er óbreytt staða stjórnvalda. Þessi lög eru ágæt að mörgu leyti en kunna að ganga of langt. Þau eru ekki hönnuð með hagsmuni lífeyrissjóða að leiðarljósi.“

Eftir að lögin tóku gildi nú um mánaðamót fá hlutfélög sem uppfylla ekki skilyrðið um kynjahlutfall í stjórn ekki skráningu hjá Fyrirtækjaskrá.

- bl / sjá síðu 10

Þessi lög eru ágæt að mörgu leyti en kunna að ganga of langt. Þau eru ekki hönnuð með hagsmuni lífeyrissjóða að leiðarljósi.

Þórey Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða



VARÐ Á Í MESSUNNI Starfsmenn Reykjavíkurborgar áttu ekki að hreinsa málninguna af Hofsvallagötunni í Vesturbænum heldur ker sem standa við götuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýir starfsmenn Reykjavíkurborgar ollu misskilningi við Hofsvallagötu:

Hreinsuðu málninguna óvart af

SKIPULAGSMÁL Það vakti athygli íbúa sem áttu leið um Hofsvallagötu í gær að starfsmenn á vegum Reykjavíkurborgar voru í óða önn að spúla merkingar af götunni en það er óhætt að segja að breytingar á götunni hafi verið á milli tannanna á fólki síðustu vikur.

Það var þó skammgóður vermi fyrir ötula andstæðinga breytinganna þegar í ljós kom að starfsmennirnir voru að gera eitthvað sem þeir áttu alls ekki að gera.

„Þetta voru nýir starfsmenn sem áttu að hreinsa

ker utan um gróður hjá Hofsvallagötunni, en vegna misskilnings og tungumálaörðugleika hreinsuðu þeir líka græna málningu og græna fána,“ segir Bjarni Brynjólfsson, upplýsingafulltrúi Reykjavíkurborgar.

Það var því ekki verið að falla frá breytingunum sem margir íbúar á svæðinu er ósáttir við. Bjarni segir aftur á móti að verið sé að vinna að tillögum á breytingum sem lagðar verða fram á samráðsfundi í næstu viku. „Ég á von á því að það gangi hratt og vel að finna lausn á þessu máli,“ segir hann. - bl, ebg

Óttaðist að verða étinn: Kajakraðari í gíslingu krókódíls í tvær vikur

ÁSTRALÍA Nýsjálandskur kajakraðari sat fastur á afskekktu eyju vestur af Ástralíu í tvær vikur af ótta við að krókódill á svamli umhverfis eyjuna mundi éta hann ef hann reyndi að róa burt.

Það gekk hratt á birgðir ræðarans, sem í erlendum fjölmiðlum er aðeins kallaður Ryan, og hann var orðinn býsna slæptur þegar íbúi á nálægri eyju sá ljósmerki frá honum og kom honum til bjargar á laugardag. Engar ferskvatnslindir eru á eyðieyjunni og Ryan var orðinn verulega þurr.

„Hann var himinlifandi og þakklátur,“ segir bjargvætturinn Don McLeod, og lýsir krókódilnum sem þekktu skrímli á svæðinu.

- sh



Whirlpool

ÞVOTTAVÉLAR

Heimilistæki ht.is

OPIÐ 24 TÍMA

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Iceland

SÆNSKU GLÆPASAGNAVERÐLAUNIN 2012

NÝ KILJA

eftir metsöluhöfundinn Ásu Larsson

www.forlagid.is
- alvöru bókabúð á netinu

SPURNING DAGSINS



Eiríkur, heldur þú að þetta sleppi ekki?

„Jú, þetta grásleppur.“

Eiríkur Vignisson, framkvæmdastjóri Vignis hf. á Akranesi, hefur sótt um gæðavottun fyrir grásleppu hjá erlendu vottunarfyrirtæki.

Hafnarfjarðarbær telur sig illa auglýstan og deilir við Vegagerðina um staðsetningu á skilti:

Vilja setja upp hafnfirskt skilti í Vogunum

FERÐAÞJÓNUSTA „Þetta er undarlegt útspil,“ segir Marín Hrafnadóttir, menningar- og ferðamálafultrúi Hafnarfjarðar, en Vegagerðin hefur meinað bæjaryfirvöldum að koma sér upp skilti fyrir ferðamenn nærri Straumi. Þess í stað hefur Vegagerðin boðið Hafnarfjarðarbæ að setja skiltið upp í Vogalandi.

Málið var tekið fyrir á fundi menningar- og ferðamálanefndar Hafnarfjarðar fyrir helgi og þar lýsti nefndin yfir vonbrigðum með ákvörðun Vegagerðarinnar.

„Hafnarfjörður er illa merktur og við vildum bæta úr því,“ útskýrir Marín og bætir

við að skilti nærri Vogunum sé of langt frá bænum.

Óskað var eftir því að skiltið yrði við gömlu vigtunarstöðina skammt frá Straumi. Vegagerðin hafnaði viðleitni bæjarins í ljósi þess að aðreign sem skiltið átti að standa við reyndist of stutt. Því væri staðsetningin hættuleg.

„Við munum því líklega setja upp stærra skilti sem ferðamenn geta lesið á í umferðinni,“ segir Marín. Til stendur að kostnaðar-áætlun og hönnun skiltisins liggi fyrir í lok mánaðarins.

REYKJANESBRAUT Skiltið myndi verða sunnan við álverið í Straumsvík.



Á HÓTEL HOLTI Sigurjón Sighvatsson afhendir Halldóri Bjarka Arnarsyni styrk úr Styrktarsjóði Karls Sighvatssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Tónlistarmaður í námi fær 250 þúsund króna styrk:

Yfir tuttugu hafa þegið styrkinn

FÓLK Halldór Bjarki Arnarson, tónlistarmaður í framhaldsnámi, hefur fengið 250 þúsund króna styrk úr Minningarsjóði Karls Sighvatssonar. Haukur Guðlaugsson, stjórnarformaður sjóðsins, segir að frá upphafi hafi yfir 20 nemendur fengið styrkinn. Meðal skilyrða sem styrkþegar þurfa að uppfylla er að vera hljómborðsleikari eða organisti. Halldór er að sögn Hauks hljómborðsleikari, tónskáld og hornleikari.

Karl Sighvatsson lést af slysförum árið 1991. Hann var einn þekktasti hljómborðsleikari landsins og var meðal annars í hljómsveitinni Trúbrot og í Þursaflokknum. Sigurjón Sighvatsson, fjárfestir og kvikmyndagerðarmaður og bróðir Karls, afhenti styrkinn á Hótel Holti í gær. - ók

Átján konur og ellefu karlar: 29 sóttu um hjá Lánasjóðnum

STJÓRNSÝSLA Alls sóttu 29 manns, átján konur og ellefu karlar, um stöðu framkvæmdastjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Umsóknarfrestur rann út þann 26. ágúst.

Miðað er við að mennta- og menningarmálaráðherra skipi í stöðuna til fimm ára að fenginni umsögn frá stjórn LÍN.

Guðrún Ragnarsdóttir lætur þá af störfum sem framkvæmdastjóri. Hún hefur gegnt starfinu síðan árið 2009. Þá tók hún við af Steingrími Ara Arasyni - sh

Kaupverðið ekki gefið upp:

Landsbankinn eignast Ístak

VIÐSKIPTI Landsbankinn eignaðist í gær 99,9 prósent í verktakafyrirtækinu Ístaki. Ístak var áður dótturfélag danska verktakafyrirtækisins Phil og Søn sem var lýst gjaldþrota fyrir rúmri viku.

Í tilkynningu frá Landsbanknum segir að bankinn sé stærsti lánveitandi Ístaks og vilji með þessu skapa trúverðugt eignarhald á félaginu svo það geti áfram sinnt starfsemi sinni og staðið við skuldbindingar sínar. Kaupverðið er ekki gefið upp. - sh

Safnar á netinu fyrir gerð þrívíddartækis

Íris Ólafsdóttir hannaði búnað á myndavélalinsur að nafni Kúla Deeper til að taka þrívíddarljósmyndir. Búnaðurinn hefur vakið mikla athygli og nú hyggst Íris taka skrefið til fulls og hefja framleiðslu. Til þess hefur hún hafið söfnun á netinu.

TÆKNI Hugvitskonan Íris Ólafsdóttir hefur vakið mikla athygli í tækniheiminum fyrir uppfinningu sína sem kallast Kúla Deeper.

Um er að ræða búnað til að taka þrívíddarmyndir, sem festur er á linsur hefðbundinna speglamyndavéla. Íris vonast til að safna fjármunum upp í kostnað á fyrstu framleiðslu, alls um 8,6 milljónum króna, í gegnum söfnunarsíðuna karolinafund.com.

Söfnunin hófst fyrir rétttri viku og Íris segir að hún hafi farið vel af stað.

„Við fengum mjög góða umfjöllun á vefsíðum eins og Wired Techcrunch og Gizmodo, sem vöktu athygli á verkefninu. Nú hefur verið fjallað um okkur á þúsundum vefsíðna um allan heim.“


Íris segir móttökurnar hafa verið jákvæðar og talsvert rætt um Kúlu Deeper á spjallsíðum ljósmyndaaðhugafólks.

„Það hefur auðvitað komið fram gagnrýni líka en hún er almennt uppbyggileg,“ segir hún og bætir við að þeir sem hafa skoðað búnaðinn eða prófað á sýningum og ráðstefnum hafi jafnan pantað eintak.

Á söfnunarsíðunni er hægt að leggja háar og lágar upphæðir til verkefnisins. Þeir sem láta fé af hendi rakna fá svo gjöf í staðinn, allt frá póstkortum og þrívíddarsjám upp í eintök af Kúlu Deeper. Þeir hundrað fyrstu sem gefa 59 evrur eða meira, tæpar 10.000 krónur, fá eitt eintak en eftir það hækkar upphæðin í 79 evrur.

Íris segir framlögin í gegnum vefinn koma víða að.

„Íslendingar hafa verið duglegri að leggja til en ég bjóst við en mér



NÝJUNG Íris segir hugmyndina að Kúlu Deeper hafa sprottið af hennar eigin áhuga á þrívíddarljósmyndun. Myndin er tekin með hjálp búnaðar Írisar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HVAÐ ER KÚLA DEEPER?

- Búnaðurinn er festur framan á linsur speglamyndavéla. Speglakerfi gerir það að verkum að þegar mynd er smelt af verða til tvær myndir frá tveimur sjónarhornum. Hægt er að sjá afkasturinn strax á skjá myndavélarinnar með þrívíddarsjá en þegar búið er að færa myndirnar inn í tölvuna er hugbúnaðurinn frekar einfaldur og vinnur þrívíddarmyndir úr völdum myndum.
- Búnaðinn má festa við 77mm linsu en einnig er hægt að kaupa millistykki á aðrar stærðir.

sýnist Þjóðverjar eiga vinninginn í þessu eins og er.“

Ef söfnunin nær fyrrnefndu marki segir Íris að þá verði hún komin langleiðina með að safna upp í kostnað við fyrstu framleiðsluna.

„Þá kemst ég af stað og ég er strax farin að vinna í að undirbúa það.“

Fyrsta framleiðslan verður sennilega sett saman á Íslandi að

sögn Írisar, „því að ég vil svolítið standa yfir þessu.“

Íhlutirnir koma svo frá Kína og Evrópu. Speglarnir eru til dæmis frá Þýskalandi.

Íris segist hafa helgað sig þessu verkefni í þrjú ár og lagt annað til hliðar, en sér nú fram á að hjólin fari að snúast fyrir alvöru.

„Þetta er framtíðin. Það er engin spurning!“

thorgils@frettabladid.is

Rektor HÍ biðst afsökunar á óheppilegum farvegi sem mál Jóns Baldvins fór í: Prófessorar funda um mál Jóns

STJÓRNSÝSLA Stjórn félags prófessora við ríkis háskóla ætlar að funda um mál Jóns Baldvins Hannibalssonar á morgun. Þar verður ákveðið hvort félagið muni bregðast við með formlegum hætti eftir að félagsvísindasvið Háskóla Íslands ákvað að draga ráðningu utanríkisráðherra fyrirverandi til baka.

Til stóð að Jón Baldvin gegndi starfi gestafyrirlesara í skólanum í vetur. Ráðningin sætti mikilli gagnrýni og var í kjölfarið ákveðið að draga hana til baka. Á dögunum voru meðal annars birtir útdráttir úr ósæmilegum bréfum hans til Guðrúnar Harðardóttur, systurdóttur eiginkonu hans, fyrir rúnum áratug.

Jón Baldvin hefur viðurkennt að hann hafi farið yfir strikið í skrifum sínum og sýnt af sér dómgreindarþrest.



KRISTÍN INGÓLFSSDÓTTIR

„Það var skortur á skýrum verklagsreglum sem leiddi til þess að málið fór í óheppilegan farveg. Fyrir þetta vil ég biðjast afsökunar og ég mun leita eftir fundi með Jóni Baldvini á næstu dögum,“ segir hún.

Raddir hafa verið uppi um að ákvörðun félagsvísindasvísindisins hafi verið tekin vegna utanaðkomandi þrýstings. „Ákvörðunin er tekin á vettvangi deildarinnar og þar er réttur vettvangur til að taka ákvarðanir um fyrirkomulag kennslu,“ segir Kristín. - bl, hh

BRIDS SKÓLINN

Fastanámskeið Bridsskólans eru á fjórum stigum

1. BYRJENDUR 2. KERFIÐ 3. ÚRSPILIÐ 4. VÖRNIN

Haustönn 2013 **BYRJENDUR** og **KERFIÐ**

stig 1 Hefst **23. september**
Átta mánudagskvöld frá 20-23

stig 2 Hefst **25. september**
Átta miðvikudagskvöld frá 20-23

Upplýsingar og innritun í síma **898-5427**
milli kl. 13 og 18 daglega.

Sjá nánar á **bridge.is** (undir „fræðsla“).

Snjallir hjá Nova!



Samsung Galaxy S4 Active

104.990 kr. stgr.

6.390 kr. /18 mán.



Samsung Galaxy S4

99.990 kr. stgr.

5.990 kr. /18 mán.

Fullt verð: 109.990 kr.



iPhone 4 8 GB

69.990 kr. stgr.

4.190 kr. /18 mán.



iPhone 5 16 GB

109.990 kr. stgr.

6.690 kr. /18 mán.



iPhone 4S 16 GB

99.990 kr. stgr.

5.990 kr. /18 mán.

DAÐUR & STENI

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

SVONA ERUM VIÐ



516 hjón skildu árið 2011 samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands.

Það er aðeins minna en árið áður, en þá voru hjónaskilnaðir 571.

Árið 2001 voru skilnaðir 551.

Áform um sjóböð við túnfót Húsavíkur þaðan sem ekki sést til byggðar: Böð úr heitum og köldum sjó

SKIPULAGSMÁL Fyrirtækið Sjóböð hefur óskað eftir tæplega þúsund fermetra lóð á höfða sem er á milli íbúabyggðar og iðnaðarhverfis á Húsavík og áformar að koma þar upp sjóböðum og svo að reisa þar heilsuhótel.

Að sögn Péturs J. Eiríkssonar, stjórnarformanns Sjóbaða, eru uppsprettur með heitum sjó á svæðinu og verða þær nýttar til að gera heit sjóböð. Einnig eiga vaskir sjósundmenn að getað synt í Skjálfanda sjálfum og hlýjað sér síðan í heitu saltvatninu þegar þeir eru orðnir skjálfaandi kaldir af sjósundinu. Pétur vonast til að starfsemin geti hafist árið 2015.

Hann segir staðsetninguna mjög heppilega. „Þar sem sú skynsamlega ákvörðun var tekin að tengja iðnaðarsvæðið og höfnina með jarðgöngum í gegnum þennan höfða þá verður maður hvorki var við bæinn né iðnaðarhverfið þegar staðið er á honum. Baðgestir geta því vel gleymt því

í SJÓBAÐI Ef af áformunum verður geta menn kælt sig og yljað sér á víxl í sjónum við Húsavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



ad þeir séu svo nærri siðmæningunni meðan þeir baða sig í Skjálfanda og njóta náttúrunnar hvert sem litið er.“ -jse

Tölur birtar fyrir ágúst: Veltan eykst í Kauphöllinni

VIÐSKIPTI Viðskipti með hlutabréf í Kauphöll Íslands námu í ágúst 18.818 milljónum króna eða um 896 milljónum á dag.

Í tilkynningu Kauphallarinnar segir að aukningin nemi 70 prósentum á milli mánaða, en í júlí nam dagveltan 527 milljónum króna. Aukningin er hins vegar 348 prósent á milli ára. Í ágúst í fyrra var dagvelta hlutabréfa um 200 milljónir króna. Í nýliðnum mánuði voru mest viðskipti með hlutabréf Icelandair Group. -óka

Velferðarráðuneyti taki sig á: Vanda þarf útboð sjúkraflugs

STJÓRNSÝSLA Ríkisendurskoðun telur að velferðarráðuneytið þurfi að vanda betur til útboða á sjúkraflugi. Skilmálar vegna útboðs á sjúkraflugi árið 2012 tóku mið af faglegum kröfum en tímafrestur var of knappur og samningstími óvenjulega skammur, að mati Ríkisendurskoðunar. Þar hafi hugmyndir um að fela Landhelgisgæslunni að annast almennt sjúkraflug veruleg áhrif.

Ekki hafi þó verið metið með fullnægjandi hætti hvort sá möguleiki sé hagkvæmur eða framkvæmanlegur. Velferðarráðuneytið þurfi að móta framtíðarstefnu um sjúkraflutninga. -hmp

Átta sóttu um dómarastörf: Sigríður og Sigríður hæfastar


STJÓRNSÝSLA Sigríður J. Hjalte-
sted er hæfust umsækjenda um embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur að mati dómnefndar sem nú hefur skilað álitinu. Arnaldur Hjartarson og Sigríður Elsa Kjartansdóttir eru hæfust umsækjenda um stöðu dómara við Héraðsdóm Austurlands.

Umsækjendur um embættin tvö voru átta en tveir drógu umsóknir sínar til baka. Áður nefnd Sigríður Elsa og Þóður Clausen eru metin næsthæfust umsækjenda um stöðuna í Reykjavík, á eftir Sigríði Hjalte-
sted. -þj

LEIÐRÉTT

Í blaðinu í gær var því ranglega haldið fram að Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, hefði sent forseta félagsvísindasviðs skólans bréf um málefni Jóns Baldvins Hannibalssonar. Þetta er ekki rétt og leiðréttest hér með.

UPPHAFSÚTHLUTUN AFLAMARKS Á MILLI FISKVEIÐIÁRA



Tölurnar miðast við slægðan fisk. Afلامark er gefið upp í kg nema fyrir síld sem miðast við lestir.

Heimild: Fiskistofa.



BRIMNES FÆR MEST Brimnes RE 27, skip í eigu Brims hf., fær 9.500 þorskígildistonn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

14 þúsund tonna aukning í þorski á milli fiskveiðiára

Fiskistofa úthlutaði 381.431 þorskígildistonni á nýju fiskveiðiári samanborið við 348.553 tonn í fyrra. Afلامark slægðs þorsks er 171 þúsund tonn og hækkar um 14 þúsund tonn. Skip með heimahöfn í Reykjavík fá mest.

SJÁVARÚTVEGUR Fiskveiðiárið 2013/2014 hófst formlega á sunnudag þegar Fiskistofa úthlutaði afلامarki til 627 skipa.

Fiskistofa úthlutaði að þessu sinni 381.431 tonni í þorskígildum talið, samanborið við 348.553 tonna úthlutun á síðasta fiskveiðiári. Í tilkynningu á heimasíðu Fiskistofu kemur fram að úthlutunin sé 33 þúsund tonnum meiri en í fyrra, þegar afلامark síðasta árs er reiknað í þorskígildum nýhafins fiskveiðiárs.

Aukningin er mest í úthlutun í þorski. Afلامark slægðs þorsks er 171 þúsund tonn og hækkar um fjórtán þúsund tonn á milli fiskveiðiára. Úthlutun í síld hækkar einnig, um sextán þúsund tonn, en síðar á árinu verður úthlutað

afلامarki úr deilistofnum og þá er líklegt að auknið verði við afلامark í uppsjávartegundum. Úthlutun í gullkarfa hækkar um sex þúsund tonn og í ufsa um þrjú þúsund tonn. Aftur á móti lækkar afلامark grálúðu um rúm tvö þúsund tonn á milli ára.

Drjár nýjar kvótategundir er að finna í úthlutun Fiskistofu. Þær eru blálanga, gulllax og litli karfi. Aðeins er úthlutað 80% afلامarksisins í þeim tegundum og í tilkynningu Fiskistofu segir að afganginum verði úthlutað þegar útgerðir, sem telja sig búa yfir aflareynslu, hafa gert athugasemdir við upphafsúthlutunina.

Fimmtíu stærstu útgerðarfyrirtækin fá úthlutað um 328 þúsund tonnum, eða sem nemur

um 86% af úthlutaðu heildarafلامarki. Sömu þrjú útgerðarfyrirtækin mynda röð efstu fyrirtækja og undanfarin ár. HB Grandi fær mestu úthlutað, eða 11% af heildinni. Þar á eftir koma Samherji á Akureyri með 6,8% og Þorbjörn hf. í Grindavík með 5,5% af heildinni. Mest afلامark fer til Brimness RE 27, rúm 9.500 þorskígildistonn, en skipið er í eigu Brims hf.

Þegar tölur um úthlutun eftir heimahöfnum eru skoðaðar sést að þrjár hafnir skera sig úr öðrum. Skip með heimahöfn í Reykjavík fá mest afلامark, eða 13,3% af heildinni. Næstmest fá skip með heimahöfn í Vestmannaeyjum, eða 11,2% og þar á eftir skip með heimahöfn í Grindavík, sem fá 8,4% af heildinni. haraldurg@365.is

Vertu með í kvennaleikfimi

Þrisvar í viku (4 vikur)
Mán., mið. og fös. kl. 16:30
Hefst 9. sept.
Þjálfari: Inga María
Verð kr. 15.900.-

Tvisvar í viku (4 vikur)
Þri. og fim. kl. 10:00. Hefst 10. sept.
Þjálfari: Árníðis Hulda
Verð kr. 13.900.-

HEILSUBORG
Góð leikfimi fyrir allar konur sem vilja styrkja sig og liða betur.

Skráðu þig núna í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Á morgun
Hæg eða fremur hæg breytileg átt.

Fimmtudagur
Vaxandi vindur NV-lands annars fremur hægur vindur.

Ingibjörg Karlsdóttir
veðurfréttamaður

MINNKANDI ÚRKOMA verður á landinu í dag og víða nokkuð bjart á morgun en þó eru líkur á smáskúrum sunnan- og vestanlands. Á fimmtudaginn lítur svo út fyrir bjart og þurr veður um mest allt land.

Alicante 28°	Berlín 20°	Friedrichshafen 25°	Las Palmas 27°	New York 28°	París 27°
Apena 31°	Billund 21°	Gautaborg 20°	London 26°	Orlando 32°	San Francisco 21°
Basel 27°	Frankfurt 26°	Kaupmannahöfn 20°	Mallorca 28°	Ósló 21°	Stokkhólmur 18°



Audi A4 Avant 2,0TDI
 Árgerð 2011, dísil
 Ekinn 43.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð:
5.190.000,-

MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



Mercedes-Benz ML350
 Árgerð 2006, bensín
 Ekinn 158.000 km, sjálfskiptur
 Ásett verð: **3.790.000,-**



Toyota Land Cruiser 200
 Árgerð 2008, dísil
 Ekinn 130.000 km, sjálfskiptur
 Ásett verð: **9.390.000,-**



Suzuki Grand Vitara Sport. Árgerð 2006, bensín
 Ekinn 65.000 km, sjálfskiptur
 Ásett verð: **2.350.000,-**



Audi Q7 4,2
 Árgerð 2007, bensín
 Ekinn 101.000 km, sjálfskiptur
 Ásett verð: **4.890.000,-**



VW Passat High EcoFuel At
 Árgerð 2012, bensín/metan
 Ekinn 78.000 km, sjálfskiptur
 Ásett verð: **4.290.000,-**



VW Passat Comfort Ecofuel
 Árgerð 2011, bensín/metan
 Ekinn 67.000 km, sjálfskiptur
 Ásett verð: **3.750.000,-**



VW Passat Highl. 2,0TDI
 Árgerð 2007, dísil
 Ekinn 104.000 km, sjálfskiptur
 Ásett verð: **2.590.000,-**



Skoda Fabia Classic
 Árgerð 2011, bensín
 Ekinn 50.000 km, beinskiptur
 Ásett verð: **1.690.000,-**



Skoda Superb Combi
 Árgerð 2011, dísil
 Ekinn 165.000 km, sjálfskiptur
 Ásett verð: **3.750.000,-**



Range Rover 4,4 HSE
 Árgerð 2006, bensín
 Ekinn 65.000 km, sjálfskiptur
 Ásett verð: **4.990.000,-**



Audi A4 2,0 TDi 6 gíra
 Árgerð 2011, dísil
 Ekinn 40.000 km, beinskiptur
 Ásett verð: **4.390.000,-**



Toyota Land Cruiser 120 VX
 Árgerð 2006, dísil
 Ekinn 132.000 km, sjálfskiptur
 Ásett verð: **4.950.000,-**



VW Passat Highline
 Árgerð 2005, bensín
 Ekinn 99.000 km, sjálfskiptur
 Ásett verð: **1.950.000,-**



Audi A3 Sportback 2.0 Fsi At
 Árgerð 2005, bensín
 Ekinn 120.000 km, sjálfskiptur
 Ásett verð: **1.890.000,-**



Nissan Navara LE
 Árgerð 2007, dísil
 Ekinn 152.000 km, sjálfskiptur
 Ásett verð: **2.690.000,-**



Toyota Corolla 1,4 VVTi
 Árgerð 2006, bensín
 Ekinn 126.000 km, sjálfskiptur
 Ásett verð: **1.350.000,-**



**NOTAÐIR
 BÍLAR**

Komdu og skoðaðu úrvalið!

Laugavegi 174 | Sími 590 5040
 Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

Kíkið inná:

heklanotadirbilar.is

VEISTU SVARID?



1. Hvaða breski sjónvarpsmaður lést um helgina, 74 ára að aldri?
2. Hvað er talið að margir einstaklingar séu heimilislausir eða utangarðs í Reykjavík um þessar mundir?
3. Hvaða prestur vann það afrek í sumar að ganga á þrjátíu tinda?

SVÖR:

1. David Frost. 2. 179. 3. Þorgrímur Daníels-son, sóknarprestur á Grenjadarstað.

Búist við að aðalmeðferð í Al Thani-málinu fari fram í nóvember:

Vildu fjárfesta í Íran fyrir hrun

DÓMSMÁL Ólafur Ólafsson og Mohammed bin Khalifa Al Thani hugðust ráðast saman í fjárfestingarverkefni í Íran og París fyrir hrun. Verjandi Ólafs lagði fram gögn um þær fyrirætlanir við fyrirtöku Al Thani-máli Sérstaks saksóknara í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Verjandinn sagði gögnin sýna fram á náð samstarf Ólafs og Al Thani fyrir hrun.

Ólafur er meðal annars ákærður fyrir hlutdeild í meintri markaðsmisnotkun Hreiðars Más Sigurðs-

sonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, og Sigurðar Einarssonar, fyrrverandi stjórnarformanns bankans, með því að koma á viðskiptum við Al Thani og að hafa komið að undirbúningi viðskiptafléttunnar sem ákært er fyrir. Þeir eru ákærðir fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun með því að selja Al Thani fimm prósent hlut í bankanum í sýndarviðskiptum rétt fyrir hrun.

Magnús Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings í Lúxem-

borg, er jafnframt ákærður í málinu en enginn fjórmeninganna mætti í fyrirtökuna í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Búist er að við að aðalmeðferð málsins hefjist 4. nóvember og taki tvær vikur. Tæplega fimmtíu vitni hafa verið kölluð til og stefnir í að málið verði umfangsmeira en Landsdómsmálið.

- vg

HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Ólafur Ólafsson mætti í þingfestingu málsins á síðasta ári og neitaði sök. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



EFTIRLIT Open Skies Treaty snýst um eftirlit með hernaðarmannvirkjum.

NORDICPHOTOS/AFP

Fylgjumst með hergögnum:

Ísland stýrir lofthelgisstarfi

ÖRYGGISMÁL Ísland tók í gær við formennsku í samráðsnefnd sammingsins um opna lofthelgi, Open Skies Treaty. Alls eiga 34 ríki aðild að samningnum, þar á meðal Bandaríkin, Kanada, Rússland og fjölmörg Evrópuríki.

Þetta kemur fram á vef utanríkisráðuneytisins. Markmið sammingsins, sem tók gildi árið 2002, er að auka traust og skilning á sviði öryggismála með því að heimila eftirlit úr lofti með hergögnum og hernaðarmannvirkjum í aðildarríkjunum. Aðildarríkin skiptast á að veita samráðsnefnd um samninginn formennsku til fjögurra mánaða í senn.

- þj

Ofbeldi og frelsisvipting:

Heil fjölskylda dæmd í fangelsi

DANMÖRK Foreldrar, frænka og frændi 17 ára stúlku af palestínskum uppruna hafa verið dæmd í eins árs og níu mánaða fangelsi fyrir að beita stúlkuna ofbeldi og svipta hana frelsi. Hinum dæmdu er auk þess gert að greiða stúlkunni 23.800 danskar krónur í bætur, að því er kemur fram í dónskum fjölmiðlum.

Foreldrarnir höfðu sent dóttur sína til frænkunnar og frændans og sagt þeim að gera við hana það sem þau vildu. Henni var refsað fyrir að eiga danskan kærasta og var hún beitt líkamlegu ofbeldi.

- ibs

Umdeilt Hagstofufrumvarp í forgangi á septemberþingi

Stjórnarandstöðupingmenn ætla að krefja ríkisstjórnina svara um stöðu efnahags- og Evrópumála á septemberþingi. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að koma umdeildu frumvarpi um Hagstofuna í gegnum þingið.

ALÞINGI Þingmenn hafa blendnar tilfinningar til septemberþings. Ríkisstjórnin ætlar að koma frumvarpi um Hagstofuna í gegn en það var lagt fram á sumarþingi. Stjórnarandstaðan ætlar að nýta tímann til að leggja fram fyrirspurnir og óska eftir utandagskrárumræðum.

Þegar þingi var frestað í byrjun júlí náðist samkomulag milli stjórnar og stjórnarandstöðu um að nýtt þing kæmi saman fyrsta október í stað annars þriðjuddags í september, eins og gert er ráð fyrir í þingskaparlögum. Í staðinn fékk stjórnarandstaðan það í gegn að þing kæmi saman sex daga í september.

„Ég tel þetta frekar tilgangslaust þing,“ segir Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar samtíðar. Hann segir að þingið standi of stutt til að hægt sé að leggja fram ný mál.

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, telur á hinn bóginn að þingið þjóni tilgangi. „Það er þingræði í landinu og hlutverk þingsins er að veita framkvæmdarvaldinu aðhald. Á septemberþingi ætlum við meðal annars að krefja forsætisráðherra svara um stöðu efnahagsmála. Við viljum líka fá svör við því hvernig miðar að efna kosningaloförðin. Utanríkisráðherra þarf líka að svara fyrir Evrópumálin og stöðu þeirra. Þá þarf að ræða dóm héraðsdóms varðandi Lánasjóð íslenskra námsmanna,“ segir Árni Páll.

Talsmenn stjórnarandstöðunnar segja að það verði fá ný mál lögð fram á septemberþingi, tíminn til þess sé of knappur. Helgi Hjörvar, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, segir að hann eigi von á einu eða tveimur nýjum málum frá Samfylkingunni. Katrín



BLENDAR TILFINNINGAR Alþingi kemur saman nú í september. Þingmenn eru ekki á eitt sáttir um mikilvægi fundahaldanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR SIGURÐSSON

Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, segir að þingflokkurinn hittist í dag til að fara yfir hvað VG geri. Hvorki Björt framtíð né Píratar ætla að koma fram með ný mál.

Ríkisstjórnin ætlar að leggja áherslu á að koma umdeildu frumvarpi um Hagstofuna í gegn. Það var lagt fram á vorþingi í tengslum við tillögur forsætisráðherra vegna skuldavanda heimilanna. Í frumvarpinu átti að gera bönkum og fjármálastofnunum skylt að veita Hagstofunni víðtækar upplýsingar um lánþega, stöðu lána, vanskil fólks og úrræði í þágu skuldara. Frumvarpið var harðlega gagnrýnt, meðal annars af forstjóra Persónu-

verndar, sem taldi að með því væri bankaleynd á Íslandi nánast lögð af. Frumvarpið fór í gegnum eina umræðu á sumarþingi. Þá var ákveðið að skoða það betur og taka mið af þeirri gagnrýni sem það sætti. Í sumar hefur tíminn verið notaður til að endurbæta frumvarpið. Það er nú komið til allsherjar- og menntamálanefndar þingsins til umfjöllunar. Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður forsætisráðherra, segir að vonast sé til að nefndin ljúki umfjöllun um frumvarpið áður en þing kemur saman svo hægt verði að taka það til annarrar umræðu á Alþingi í næstu viku.

johanna@frettabladid.is

Nú er að stökkva!

EINSTAKT
TILBOÐ
4.990 ÞÚS. KR.



Chevrolet Captiva | Árgerð 2012

Sjálfskiptur | dísel | 184 hestöfl | sjö manna

Ásett verð kr. 5.390 þús. kr. - **Tilboð: 4.990 þús. kr.**

Notaðir bílar hjá Bílabúð Benna:

Bílaleigubílar í ábyrgð

Þjóðum glæsileg eintök af Chevrolet Captiva bílaleigubílum. Kíktu í heimsókn og tryggðu þér gæðabíl á frábærum kjörum.

Bílabúð Benna Reykjavík
Notaðir bílar • Bíldshöfða 10
Sími: 590 2035 • notadir@benni.is

Bílabúð Benna Reykjavíkesbær
Nýir og notaðir bílar • Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330 • notadir@benni.is

Bílabúð Benna

Serfræðingar í bílum

Verslun
Ármúla 26
522 3000
hataekni.is
Opið:
virka daga
9.30-18
laugardaga
12-17

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA



LET26T1000HF

Útsöluverð:
49.995

Verð
áður: **69.995**

26" Haier
Slim Edge LED Full HD,
DVB-T, USB, 2xHDMI.

42" LG

Plasma HDready
600Hz, USB,
Razor Frame, T2
móttakari,
2xHDMI.



42PN450D

Útsöluverð:
99.995

Verð
áður: **149.995**

B
vörur

Úrval sýningartækja
á lækkuðu verði,
símar, tölvur
og sjónvörp



INSPIRON3521#04

Útsöluverð:
79.995

Verð
áður: **89.995**

DELL
Inspiron
fartölva

15,6" skjár, Windows8,
3 ára ábyrgð, Intel
Celeron 1007U, 4Gb
vinnsluminni, 500Gb
harður diskur.

Útsöluverð:
179.995

Verð
áður: **279.995**



CINEMA 3D

LG Smart TV

42LA641V

42" LG

EdgeLED, Cinema 3D, SmartTV, 3xHDMI, FullHD,
200Hz, NFC, USB, Dual Core örgjörvi, 1,25 Gb
vinnsluminni, T2 móttakari og gervihnattamóttakari.



TSX112

Útsöluverð:
39.995

Verð
áður: **59.995**

Yamaha
smástæða
CD, iPod/iPhone, USB,
útvarp, aux, 5 litir.

Útsöluverð:
14.995

Verð
áður: **19.995**



A00003636 og A00003635

Nokia Asha
300 Touch
and Type

3G, 1Ghz, snertiskjár,
5MP myndavél, FM
útvarp, rauður og
dökkgrár.

Heyrnartól á
25% afslætti

Yamaha á
20% afslætti

10% afsláttur
af nýjum sínum

H
Hátækni

Frakkar leggja fram gögn

Franska stjórnin kynnti þingmönnum í gær upplýsingar sem sagðar eru sanna sekt Sýrlandsstjórnar. Bretar og Bandaríkjamenn hafa áður lagt fram sambærileg gögn en Rússar hafa þau að engu og vara eindregið við hernaði gegn Sýrlandsstjórn. Obama Bandaríkjaforseti er engan veginn öruggur með stuðning þingsins.

SÝRLAND Jean-Marc Ayrault, forsætisráðherra Frakklands, kallaði þingmenn og ráðherra á sinn fund í gær til að kynna þeim gögn sem sögð eru sanna að Sýrlandsstjórn hafi staðið að efnavopnaárás í úthverfum Damaskus-borgar miðvikudaginn 21. ágúst.

Frakkar hafa jafnframt birt nýu blaðsíðna samantekt úr þessum gögnum og halda því fram að árásin hafi kostað að minnsta kosti 281 mannlíf. Að nokkru er það mat byggt á tugum myndskelja sem franska leyniþjónustan hefur granskoðað.

Málið verður á dagskrá franska þingsins á morgun en François Hollande Frakklandsforseti hefur ekkert gefið upp um hvort hann ætli að fara að vilja þingsins í þessu máli. Samkvæmt franskri stjórnskipan þarf hann þess ekki en hann gæti átt erfitt með að réttlæta einhliða aðgerðir eftir að bæði bresk og bandarísk stjórnvöld hafa borið hernaðaraðgerðir gegn Sýrlandsstjórn undir þing sinna landa og heitið því að hlíta niðurstöðunni.

David Cameron, forsætisráðherra Breta, hefur þegar beygt sig undir andstöðu síns þings við allan hernað gegn Sýrlandsstjórn.

Bandaríska þingið kemur hins vegar ekki úr sumarfríi fyrr en mánudaginn 9. september en þingmenn eru þegar byrjaðir að hittast í nefndum til að undirbúa umræður og atkvæðagreiðslu.

Barack Obama Bandaríkjaforseti á stuðning þingmanna við hernað gegn Sýrlandsstjórn engu frekar vísan en Cameron í Bretlandi. Hvorki meðal demókrata, flokksmanna Obamas, né andstæðinga hans í Repúblíkanaflokknum er einhugur um málið. Hann gekk í gær á fund gamals andstæðings síns, repúblíkanans John McCain, í von um að fá hann til liðs við sig í þessu máli.

Bresk og bandarísk stjórnvöld lögðu einnig fram gögn í síðustu viku, sambærileg þeim sem Frakkar birtu í gær. Bandaríkjaforseti heldur því fram að árásin hafi kostað meira en 1.400 mannlíf.

Rússar segja þau gögn að engu hafandi. Þau sýni ekki fram á með neinum óbyggjandi hætti að Sýrlandsstjórn beri ábyrgð á árásinni.

Rússar vara sömuleiðis eindregið við árásum á Sýrland, það geti haft skelfilegar afleiðingar í för



ANDSTAÐA Í BANDARÍKJUNUM Samkvæmt skoðanakönnunum er meirihluti Bandaríkjamanna andvígur hernaðaraðgerðum í Sýrlandi, rétt eins og meirihluti Breta og Frakka. NORDICPHOTOS/AFP

281

lést, að minnsta kosti, í efnavopnaárásinni í Sýrlandi 21. ágúst samkvæmt nýrri franskri skýrslu.

með sér fyrir allan þennan heimshluta.

Vopnaeftirlit Sameinuðu þjóðanna kom í gær til höfuðstöðva sinna í Haag í Hollandi eftir að hafa gert rannsóknir á vettvangi árásanna í Damaskus. Beðið er eftir skýrslu um niðurstöðurnar en hennar er vart að vænta fyrr en í næstu viku.

Vopnaeftirlitið getur þó ekki fullrytt neitt um það hver ber ábyrgð á árásinni, einungis staðfest hvort í raun var um efnavopnaárás að ræða. gudsteinn@frettabladid.is



JEAN-MARC AYRAULT Frakklandsforseti skýrir frá þeim gögnum sem franska leyniþjónustan hefur um efnavopnaárásina í Damaskus. NORDICPHOTOS/AFP

Mögulegar fyrirmyndir aðgerða

■ 1991 Kúveit

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna veitti Bandaríkjunum og fleiri ríkjum skýra heimild til hernaðar gegn stjórnarher Saddams Hussein, sem þá hafði ráðist inn í Kúveit og lagt landið undir sig. Markmið aðgerðanna var nokkuð skýrt afmarkað og lauk með því

að herlið Husseins var hrakið frá Kúveit.

■ 1992-1993 Króatía, Bosnía og Kósóvó

Bretar, Frakkar og fleiri Evrópuríki flæktust smám saman inn í hernaðaráttök á Balkanskaga eftir að Júgóslavía tók að leysast upp í

kjölfar hruns Sovétríkjanna. Hersveitir voru sendar til Króatíu og Bosnía og Hersegóvínu á vegum Sameinuðu þjóðanna til að stilla til friðar en reyndust lítt færar um það. Fjöldamorðin í Srebrenica voru framin sumarið 1995 inni á verndarsvæði Sameinuðu þjóðanna. Úrslitum réði þegar Bandaríkin blönduðu sér í leikinn, veittu uppreisnarmönnum margvíslegan stuðning og sáu loks að mestu um loftárásir á vegum NATO gegn Serbum í Kósóvó árið 1999.

■ 1992-93 Sómalía

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna heimilaði fjölþjóðlegu herliði að ráðast inn í Sómalíu, í þeim skýrt afmarkaða tilgangi að gera hjálparstofnunum kleift að koma almenningi til aðstoðar í miðri borgarastyrjöld. Bandaríkjaforseti stóð í fyrstu utan við þessar aðgerðir en hélt síðan inn í Sómalíu og tók að flækjast æ meir inn í borgarastyrjöldina sjálfa. Bandaríkjamenn forðuðu sér úr landi eftir að átján bandarískir hermenn létu lífið í bardögum eftir að bandarísk herþyrla var skotin niður snemma október 1993.

■ 2011 Líbía

Frakkar og Bretar fengu samþykki Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna til að koma í veg fyrir að stjórnarher Múammar Gaddafí yrði fjölda fólks að bana eftir að uppreisnin gegn stjórn hans var komin á fullt skrið. Rússar og Kínverjar studdu ekki ályktun Öryggisráðsins en sátu hjá að þessu sinni. Bandaríkjaforseti tók þátt í aðgerðunum og á endanum var Gaddafí hrakinn frá völdum og drepinn í október 2011.

GULLSMÍÐJAN
 Guðrún Þórnadóttir
 Gullsmíður
 LÆKJARGATA 34C
 HAFNARFIRÐI
 565 4453

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...
 ...góðar fréttir fyrir umhverfið

Golfvöllur til sölu.

Um er að ræða 56 ha land en á landið er búið að hanna og móta 18 holu golfvöll. Völlurinn er hannaður af Edwin Roald og stendur við Borg í Grímsnesi. Golfvöllurinn er á góðu landsvæði og hönnun vallarins er glæsileg og spennandi fyrir kylfinga. Búið er að byggja upp flatir og teiga og mun völlurinn verða einn lengsti golfvöllur landsins. Golfvöllurinn er í rúmlega 70 km fjarlægð frá Reykjavík og stutt er í helstu náttúrperlur á Suðurlandi. Rétt við golfvöllinn, í göngufæri, er glæsileg sundlaug, félagsheimili og aðstaða til ráðstefnu- og námskeiðahalds, skóli og stjórnsýsluhús sveitarfélagsins.

Nánari upplýsingar fást hjá Steindóri Guðmundssyni löggiltum fasteignasala hjá Fasteignasölu Lögmanna Suðurlandi ehf. í síma 480 2901 og 863 2900. www.log.is

Borg Golf Course
 Grímsnes, Iceland

Proposed golf course

Amended masterplan to allow for the addition of a hotel. Both golf course and hotel have been granted planning permission.

Under construction - opening 2014
 Updated 28th December 2012

Golf course designed by *John P. Johnson*

Card for the Course

All distances in m

LÖGMENN SUÐURLANDI

Fasteignasala Lögmanna Suðurlandi ehf. – Austurvegi 3- 800 Selfoss – sími 480 2900 – www.log.is

Panasonic



ALLT SEM ÞÚ ELSKAR Á EINUM STAÐ



NÝTT SNJALLSJÓNVARP MEÐ PERSÓNULEGUM HEIMASKJÁ. SNJALLSJÓNVARP GERT EINFALT.

Með nýja VIERA snjallsjónvarpinu opnar þú á einum stað allt það besta sem sjónvarp og netið hafa uppá að bjóða, og gerir þér kleift að setja upp þinn eigin heimaskjá, uppsettan með þínum uppáhalds öppum, valmöguleikum og þjónustu.

Vitræn og notendavæn hönnun gerir þér kleift að stjórna VIERA snjallsjónvarpinu með einföldum raddskipunum og fisléttum Swipe & Share skipunum með snjallsíma eða spjaldtölvu.



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



Tekið fyrir busavígslur í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ:

Nýnemar beittir grófu ofbeldi

MENNTMÁL Kristinn Þorsteinson, skólameistari Fjölbrautaskólans í Garðabæ, segir að dæmi séu um að eldri piltar, sumir hverjir ekki nemendur í skólanum, taki nýnema og beiti þá ótrúlega grófu ofbeldi.

Hann segir að skipulagðar hafi verið svokallaðar einkabusanir, sem fari fram eftir busavígslu á vegum skólans, þar sem fiskikör með úrgangi og úldnum kjúklingi komi við sögu. Þá hafi nýnemunum verið hent í sjóinn, gyrt hafi verið

niður um þá og þeir látnir bera hundaólar.

Í fréttabréfi skólameistarans á heimasíðu skólans í gær segir að þetta geti ekki gengið og að ekki verði fleiri busavígslur í skólanum. „Við getum ekki lengur verið einhverjum ofbeldissegjum skálkaskjól til að svala ofbeldisþörf sinni,“ segir hann. Foreldrum þeirra drengja sem vitað sé að hafi tekið þátt í athæfinu verði sent bréf þar sem farið verði fram á að málið verði tekið fyrir á heimilinu. - bi



GÖMUL HEFD Þessi mynd var tekin af busavígslu í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti árið 1987.

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR



RÍKISSKATTSTJÓRI Ríkisskattstjóri ætlar að taka hart á þeim sem ekki uppfylla lög um kynjahlutfall í stjórnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Engin skráning sé kynjahlutfall rangt

Ef ákvæði um kynjakvóta í stjórn er ekki uppfyllt fæst hlutafélag ekki skráð hjá fyrirtækjaskrá. Óvíst um kynjahlutfall hjá fyrirtækjum sem nýju lögin ná til.

STJÓRNSÝSLA Engar stjórnir hlutafélaga verða nú skráðar hjá fyrirtækjaskrá nema ákvæði um kynjakvóta sé uppfyllt. Ákvæði í lögum um kynjahlutfall í einkahlutafélögum, hlutafélögum og lífeyrissjóðum, sem sett voru 2010, tók gildi nú um mánaðamótin.



ÞÓRÐÍS LÓA ÞÓRHALLSDÓTTIR

Í stjórnunum opinberra hlutafélaga og hlutafélaga þar sem starfa fleiri en fimmtíu starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum. Þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrjú í slíkum félögum skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en fjórutíu prósent. „Ef ákvæðið er ekki uppfyllt bendum við viðkomandi á að halda nýjan fund og breyta kynjahlutfallinu,“ segir Skúli Jónsson, sviðsstjóri skráasviðs hjá ríkisskattstjóra.

Hann tekur það fram að þar sem aðdragandinn að gildistöku laganna var langur mætti ætla að atvinnulífið hefði búið sig undir það og skipað stjórnir með tilliti til þess. „Sé ástæða til að ætla að misbrestur sé á mun málið kannað og fyrirtækjaskrá mun leita þeirra leiða sem færar eru til að bæta þar úr. Ef eitthvað vantar upp á lagaheimildir verður vonandi bætt úr því. Það er ákvæði í lögum um að hægt sé að beita viðurlögum en það hefur ekki verið sett nein sérstök reglugerð þar um.“

Fyrirtækjaskrá hefur ekki kannað hversu mörg fyrirtæki hafa uppfyllt skilyrðin, að sögn Skúla.

Fyrirtækin sem falla undir lögin eru um 320.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður FKA, Félagskvemma í atvinnulífi, segir ný gögn frá CreditInfo sýna að stjórnarsætum skipuðum konum hafi fjölgað um tæp 2.000 frá 2009 í öllum fyrirtækjum landsins en þó beri að hafa í huga að fyrirtækjum hafi einnig fjölgað á sama tímabili. 22,9 prósent stjórnarsæta allra fyrirtækja landsins voru í ágústlok skipuð konum en 21,2 prósent voru 2009, að sögn Þórdísar Lóu. „Vonandi liggur fyrir í árslok hvert hlutfallið er hjá þeim fyrirtækjum sem lögin ná til.“

Hún segir mikla breytingu hafa orðið á samsetningu stjórna hjá lífeyrissjóðunum og stærstu fyrirtækjum landsins. „Þau setja tóninn fyrir minni og meðalstór fyrirtæki en betur má ef duga skal.“

Þórdís bendir á að árið 2009 hafi FKA, Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Credit-Info undirritað formlega samning um að fjölga konum í forystusveit íslensks atvinnulífs til loka ársins 2013 þannig að hlutur hvors kyns yrði ekki undir 40 prósentum.

„Við ætluðum að gera þetta sjálf en meiri þrýstingur komst á með lagasetningunni 2010.“

Heildarhlutfall kvemma í stjórnunum allra lífeyrissjóða er nú samtals um 44,4 prósent samkvæmt KPMG. Sjö lífeyrissjóðir þurftu í ágústlok annaðhvort að fjölga konum eða körlum í stjórn til að uppfylla skilyrði laganna.

ibs@frettabladid.is

MÍÐVIKUDAGINN 4. SEPTEMBER KL. 12-13.15 Í NORRÆNA HÚSINU

Kosningar í Noregi

OPINN FUNDUR

Pingkosningar fara fram í Noregi mánudaginn 9. september. Í tilefni þess verður efnt til hádegisfundar um kosningarnar og norsk stjórnsmál.

Dag Wernø Holter, sendiherra Noregs á Íslandi, flytur stutt erindi um kosningarnar og stjórnsmál í Noregi.

Í kjölfar þess verður rætt um stöðuna í norskum stjórnsmálum í pallborði.

Þátttakendur verða: Eiður Guðnason, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Svavar Gestsson og Þóra Tómasdóttir. Öll þekkja þau vel til norskra stjórnsmála.

Norræna félagið á Íslandi, sendiráð Noregs á Íslandi, upplýsingaskrifstofan Norðurlönd í fókus og Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands standa að fundinum.

Fundarstjóri: Bogi Ágústsson

Frekari upplýsingar á vefsíðum Norræna hússins, nordice.is, Norræna félagsins, norden.is og Alþjóðamálastofnunar, ams.hi.is.



Örfá sæti laus - tryggðu þér miða!
Haustráðstefna Advania
 6. september 2013

34.900 kr.

Ath. magnafsláttur fyrir fyrirtæki.

Skráning á advania.is/haustradstefna





living with
style

RÝMUM FYRIR NÝJU

Lýkur sunnudaginn 8. september



Sparaðu 30-60%

af völdum vörum og síðustu eintökum



Sparaðu 25-50%

af öllum sumarvörum - lýkur
sunnudaginn 8. september



VEXTIR
0%*

KAUPTU NÚNA

*Nú getur þú fengið 12 mánaða vaxtalaus greiðslu-
dreifingu þegar verslað er með VISA eða MasterCard.



ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is

mánudaga - föstudaga 11-18:30, laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18

Hvernig fyrirgerir fólk rétti sínum til kennslu í HÍ? Óboðleg umræða

Ráðning Jóns Baldvins Hannibalssonar, fyrrverandi utanríkisráðherra, sem gestafyrirlesara við Háskóla Íslands sætti harðri gagnrýni, sem varð til þess að skólinn endurskoðaði ákvörðun sína og ákvað að Jón Baldvin skyldi ekki kenna á námskeiði um smáríki. Sú ákvörðun er ekki síður umdeild. Óneitanlega vaknar spurningin: Hvað þurfa menn að hafa gert af sér til að vera ekki gjaldgengir í störf sem þeir hafa klárlega reynt og hæfni til að gegna?

Misgjörð Jóns Baldvins var sú að skrifa ungru konu sinnar bréf af kynferðislegum toga, sem augljóslega voru óviðeigandi og hneykslanleg. Jón Baldvin hefur viðurkennt mistök sín og beðið fyrirgefningar, fyrst gagnvart stúlkunni sem um ræðir og fjölskyldu sinni, síðar opinberlega hér í blaðinu eftir að um málið var fjallað í fjölmiðlum. Háttsemi hans var á sínum tíma kærð til lögreglu, sem vísaði kærinni frá, og embætti ríkissaksóknara komst síðar að þeirri niðurstöðu að ekki væri grundvöllur til að ákæra hann í málinu.

Ein rök þeirra sem vilja ekki að Jón Baldvin fái að kenna í HÍ eru að menn eigi ekki að halda að þeir geti gerzt sekir um sambærilegar yfirsjónir og komizt upp með það. En Jón Baldvin komst ekki upp með það. Mannorð hans beið alvarlegan og eflaust verðskuldaðan hnekki. Þýðir það að hann megi ekki taka að sér störf á opinberum vettvangi, sérstaklega eftir að hann hefur viðurkennt dómgreindarrest og beðið afsökunar? Það er vafasöm útlekking.

Það hefur áður verið gagnrýnt að menn sem tengt hafa hneykslismálum skuli kenna í háskóla. Þannig var það gagnrýnt að bæði Sigurjón Þ. Arnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, og Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, önnuðust stundakennslu í Háskólanum í Reykjavík eftir hrun. Þá gagnrýni var hægt að rökstyðja með því að trúverðugleiki þeirra í fjármálatengdum fögum hefði beðið hnekki vegna tengsla þeirra við fjármálahrunið. Reyndar brást HR ekki við gagnrýninni með því að láta þá hætta að kenna; þeir luku báðir þeim verkefnum sem þeim höfðu verið fengin.

Hneykslismál Jóns Baldvins hefur hins vegar engin áhrif á trúverðugleika hans sem kennara á námskeiði um smáríki í alþjóðakerfinu. Enginn dregur í efa að hann hefur þar gáfum, þekkingu og reynt að miðla. Það er heldur engin leið að leggja yfirsjónir hans að jöfnu við brot barnaníðinga sem ástæða þykir til að hafa sérstakar gætur á – þótt í umræðu undanfarinna daga virðist það stundum gert. Og í Háskóla Íslands nemur og starfar eingöngu fullorðið fólk.

Rök Háskólans fyrir að hætta við ráðningu Jóns Baldvins eru fyrst og fremst þau að verið sé að tryggja nauðsynlegan vinnufrið, með hagsmuni nemenda í huga. Daði Már Kristófersson, forseti Félagsvísindasviðs HÍ, sagði í skriflegu svari til fréttastofu 365 að Háskólinn legði „að öðru leyti ekki mat á þær deilur sem uppi hafa verið af þessu tilefni“. Það eru ekki boðleg svör. Þau jafngilda því að segja að sé gagnrýni á ákvarðanir Háskólans nógu hávær, bakki skólinn út úr þeim burtséð frá efni málsins.

Í þessari virðulegustu fræðastofnun landsins hljóta siðferðis-spurningarnar í kringum þetta mál alltént að verðskulda dýpri og gagnrýnni umræðu en þetta.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðlum verzlunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

MORGUNNÁMSKEIÐ!

Velkomin í núíð

– frá streitu til sáttar

Byggt á Mindfulness-based Cognitive Therapy sem tvinnar saman aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar og sálfræði austrænnar vísku. Að þessu sinni bjóðum við upp á nýtt morgunnámskeið.

Námskeiðið er í 8 vikur á Hilton Reykjavík Nordica.

9. september
frá kl. 8.30 til 10.15

Innifalið er geisladiskur með nútíundaræfingum og handbók

Skráning er hjá Nordica Spa í síma 444 5090 og á www.nordicaspa.is

Verð: 49.000 kr.
Meðlimir Nordica Spa fá 10% afslátt

Leiðbeinendur verða sálfræðingarnir Herdís Finnbogadóttir og Margrét Bärðardóttir.



Innifalið
1 vika ókeypis
aðgangur í alla opna
tíma Nordica Spa,
gufu og heita potta

FRÁ DEGI TIL DAGS

Völin og kvölin

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra er ekki öfundsverður varðandi boðaða skipun nýs ráðherra. Kynjahlutföll í ráðherraíðri Framsóknarflokksins binda hann í báða skó þannig að næsta víst þykir að hann þurfi að kalla konu inn úr þingliðinu. Vigdís Hauksdóttir ætti að vera augljóst val, sem oddviti í Reykjavíkarkjördæmi syðra. En var sá valkostur ekki jafn skýr þegar stjórnin var mynduð? Hefur eitthvað breyst?

Jón og Jón, hvorugur séra

Jón Magnússon, hæstaréttarlögmaður og fyrrverandi alþingismaður, leggur



í blogg pistli út frá hugleiðingum nafna síns, Jóns Gnarr borgarstjóra, á Facebook. Þar fjallar borgarstjóri um ofbeldi og kúgun í nafni trúar og betri heim án trúarbragða. Jón Magnússon er ekki alls kostar sáttur við þessi orð borgarstjóra, sem hann segir hafa „hafið baráttu gegn æðra [sic] mætti“. Þótt margt vont hafi verið gert í nafni trúar hafa stríð, að sögn Jóns Magnússonar, sjaldan verið háð þeirra vegna í seinni tíð og ekkert jafnast á við illvirki trúleysingja eins og Hitlers, Djengis Khan og Stalíns. Gott og vel... Við skulum þá ekkert minnast á vestur-evrópsku stórveldin sem fóru fram með kúgun og drápum í hartnær




öllum hornum heimsins allt fram á 20. öld, oftar en ekki í nafni æðra valds.

Kerlingabækur og kvenmannsföt
Jón Gnarr segir annars í færslu sinni, lauslega þýtt úr ensku: „Morð í nafni Guðs. Kúgun í nafni Guðs. [...] Kannski er Guð skynvilla sem leiðir til geðveiki.“ Jón Magnússon svarar því til: „Sú skoðun að trú á Guð leiði til geðveiki er dæmi um algera kerlingabók [sic] dragdrottningarinnar Jóns Gnarr.“ Við því mætti segja að sú skoðun að Jón Gnarr sé „dragdrottning“ vegna þess að hann klæðir sig stöku sinnum í kvenmannsföt til að sýna samstöðu með réttindabaráttu hinsegin fólks er dæmi um kerlingabók lögmannsins Jóns Magnússonar.

thorgils@frettabladid.is

HALLDÓR



Gegn þjóðarvilja?

EVROÞUMÁL



Helgi Magnússon framkvæmdastjóri

Mikill meirihluti landsmanna vill ljúka viðræðum við Evrópusambandið samkvæmt nýrri Gallupkönnun sem birt var í lok ágúst. Í Fréttablaðinu kom fram að 54% svarenda vilja ljúka viðræðum, 35% vilja slíta þeim en 11% taka ekki afstöðu.

61% vill ljúka viðræðum

Ef einungis er horft til þeirra sem tóku afstöðu vill 61% svarenda ljúka viðræðum en 39% slíta þeim.

Þetta gengur þvert á þann síbýljuáróður sem einangrunarsinnar hafa haldið uppi á undanförunum vikum um að landsmenn vilji slíta viðræðum. Þessi nýja könnun Gallup svarar því skýrt hver þjóðarvilji í þessum efnunum er núna. Ljóst er að vanstilltur áróður andstæðinga aðildarviðræðna að undanförunum hefur ekki virkað á kjósendur.

Ríkisstjórnin þarf að átta sig á því sem fyrst hvort það geti talist mikilvægt forgangsmál að fara gegn þjóðarvilja í þessu máli og efna til ófriðar um það í stað þess að beina kröftunum að lausn þeirra brýnu efnahagsmála sem enn bíða úrlausnar.

Loforð Bjarna

Þá er það í fersku minni – og hefur ítrekað verið rifjað upp í fjölmiðlum – að formaður Sjálfstæðisflokksins lofaði því hátíðlega

→ Þjóðin á að segja til um framhald málsins. Efna þarf til þjóðar- atkvæðagreiðslu um það hið fyrsta.

FYRIR kosningar að kosið yrði um framhald aðildarviðræðnanna.

Við það loforð verður hann að standa. Sjálfstæðisflokkurinn getur ekki látið það viðgangast að utanríkisráðherra fremji vísitandi skemmdarverk á allri þeirri vinnu sem unnin var á síðasta kjörtímabili í aðildarviðræðum við ESB. Þjóðin á að segja til um framhald málsins. Efna þarf til þjóðar- atkvæðagreiðslu um það hið fyrsta.

Orð skulu standa

Því verður ekki trúað að formaður Sjálfstæðisflokksins svíki kosningaloforð sín. Við því þarf ekki að búast. Það yrðu allavega mikil og vond tíðindi ef svo færi. Ég vil trú á því að Bjarni Benediktsson tryggi það að landsmenn hafi síðasta orðið um framhald aðildarviðræðnanna við ESB og að þjóðar- atkvæðagreiðsla verði haldin fyrir en seinna.

Fram til þessa hafa allir formenn Sjálfstæðisflokksins kappkostað að standa við loforð sín, einkum og sér í lagi kosningaloforð. Vonandi verður engin breyting á því.

Hvernig líður þér?

HEILSA

Teitur Guðmundsson
læknir



Þetta er mjög algeng spurning sem við höfum flest bæði spurt og svarað á einum eða öðrum tímapikti. Algengt svar er „bara vel“ eða „ég er góður“ og mjög oft er svarið ekkert sérlega úthugað, ekki frekar en að spurningin sé lögð fram af raunverulegum áhuga á því hvernig viðkomandi líður. Þetta eru stundum frásasamskipti og uppfylliorð með litla sem enga meiningu og fer það að vissu leyti eftir því hverjir eiga í hlut. Foreldrar, makar, börn, ættingjar og nánir vinir eru líklegri til þess að vilja raunverulega vita, aðrir eru kannski meira að þessu fyrir sakir kurteisi.

Það er staðreynd að líðan okkar er sveiflukennd og við getum verið mismunandi fyrirkölluð þegar slíka spurningu ber á góma og svarað hvasst og séð svo eftir öllu saman. Vonandi er það mest á hinn veginn að við svörum glöð í bragði, það er gott að manni sé sýndur áhugi og það veitir vellíðan. Það er eðlilegt að líða stundum illa og vera í vondu skapi, við eigum öll rétt á því. Hins vegar verðum við að vera meðvituð um það að ef slíkt ástand er orðið viðvarandi eða við sveiflumst mjög mikið öfganna á milli kann að þurfa að skoða það frekar.

Algengt vandamál

Þunglyndi er mjög algengt vandamál víðast hvar í hinum vestræna heimi og er talið að á milli 15-25% einstaklinga geti orðið þunglyndir einhvern tímann á ævinni. Hérlandis er áætlað að það séu um 12-15 þúsund einstaklingar á hverjum tíma sem glíma við slíkan sjúkdóm. Við vitum í dag að þessi sjúkdómur er sterkega ættgengur og að hann fer ekki

manngreinaralit, hvorki hvað varðar kyn, aldur, menntun, tekjur, aðstæður eða annað.

Hann er töluvert falinn og sést ekki utan á viðkomandi. Það þarf að greina á milli sjúkdóms og eðlilegra orsaka eins og tíma-bundins leiða, missis, áfalla, vanlíðunar og þannig mætti lengi telja. Þetta er ekki aumingjaskapur eins og talið var í gamla daga heldur raunverulegt og oftsinnis afar flókið vandamál sem hefur gífurleg áhrif á einstaklinginn, fjölskyldu hans, félagslíf og möguleika til að stunda vinnu.

Læknar hitta skjólstæðinga sína mjög oft vegna líkamlegra einkenna sem geta komið fram sem meginvandi þeirra sem eru þunglyndir eða daprir í upphafi áður en greiningin er sett fram. Þreyta, slappleiki, svefntruflun, ýmsir ítrekaðir og breytilegir verkir og þess háttar án eðlilegra skýringa ættu að leiða hugann að vanda sem þessum.

Einstaklingurinn sjálfur er oft meðvitaður um vandamálið en er ekki tilbúinn til að takast á við það, viðurkenna að hann geti verið þunglyndur og þurfi aðstoð. Þarna þarf lagni og innsæi til að hjálpa þessum aðilum inn á rétta braut sé búið að útlitum líkamlegan sjúkdóm. Önnur einkenni sem eru algeng og tengjast þunglyndi eru almenn vanlíðan, depurð og óhamingja, áhugaleysi, minnkuð kynhvöt, breyting á matarvenjum og lystarleysi eða ofát. Þetta er ekki fullkomin upptalning, enda getur þunglyndi birst á margvíslegan hátt og verið breytilegt.

Margar ástæður

Mikilvægt er að vita að það geta margar ástæður legið til grundvallar þunglyndi og í dag er talið að þær séu líffræðilegar og byggja á boðefnaskorti, hormónaójafnvægi og öðrum óútskýrðum líffræðilegum mun einstaklinga. Þá skipta áföll, félagsleg tengsl og samskipti miklu máli, auk erfðapátta. Konur eru líklegri en karlar til að þjást af þunglyndi, þá einnig áfengis- og vímuefnasjúklingar.

“Mikilvægt er að vita að það geta margar ástæður legið til grundvallar þunglyndi og í dag er talið að þær séu líffræðilegar og byggja á boðefnaskorti, hormónaójafnvægi og öðrum óútskýrðum líffræðilegum mun einstaklinga. Þá skipta áföll, félagsleg tengsl og samskipti miklu máli, auk erfðapátta.

Þeir sem eru með alvarlega sjúkdóma líkt og krabbamein, hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki, HIV/AIDS og fleiri slíka virðast ýta undir þessa líðan og þannig mætti lengi telja. Það geta því allir orðið þunglyndir þótt ákveðnir áhættuþættir séu sterkari en aðrir og því gott að vera vakandi fyrir þeim.

Framfarir í greiningu og meðferð hafa verið stórstígar og eigum við í dag möguleika á að meðhöndla mun fleiri en áður og með betri árangri. Ferlið getur verið langt og strangt en til mikils er að vinna þar sem þunglyndi er ein helsta orsök fyrir örorku og fjarveru frá vinnu á vestrænum löndum.

Samvinna heilbrigðisstétta og þverfagleg vinna þeirra skiptir verulega miklu og sérstaklega það að nálgast einstaklinginn heildrænt. Þar koma allir við sögu og getur verið nauðsynlegt að kalla til fleiri aðila en heilbrigðisstarfsfólks til að ná árangri. Þunglyndi er stórhættulegt, það er ekki ímyndun eða aumingjaskapur! Það er vel meðhöndlanlegt og það á ekki að fela það. Hagur okkar allra felst í því að virkja þá einstaklinga sem glíma við slíkan sjúkdóm.

STÆRSTI VETTIVANGUR ALLRA SEM STARFA Í SJÁVARÚTVEGINUM

Framúr stefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2013

KALLAÐ ER EFTIR HUGMYNDUM SEM EFLA ÍSLENSKAN SJÁVARÚTVEG OG TENGDAR ATVINNUGREINAR



Markmið samkeppninnar er að finna framsækna og frumlegar hugmyndir sem skapa umræðugrundvöll eða nýja hugsun í sjávarútveginum. Við mat á hugmyndum verður m.a. litið til eftirfarandi þátta:



Svifaldan, verðlaunagripur Framúr stefnuhugmynda Sjávarútvegsráðstefnunnar.

Frumleika, virðisauka, sjálfbærni og ímyndar greinarinnar út á við

Verðlaunaféð er kr. 500.000 en auk þess fá hugmyndirnar kynningu og sérstaka viðurkenningu á Sjávarútvegsráðstefnunni 21.-22. nóvember á Grand hótél.

Í umsókn þarf að lýsa hugmynd á hnitmiðaðan hátt, koma með tillögu að framkvæmd og geta til um væntanlegan afrakstur og góð áhrif á ímynd íslenskra afurða (hámark 2 bls.). Skilyrðin eru tvö:

Hugmyndin þarf að vera framúr stefnuleg

Hugmyndin þarf að vera raunhæf

Frestur til að skila inn framúr stefnuhugmynd er 15. október 2013. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Sjávarútvegsráðstefnunnar www.sjavarutvegsradstefnan.is

Aðal styrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2013



- Baðinnréttingar
- Handlaugar
- Stálvaskar
- Sturtuhausar
- Speglaskápar
- Sturtuhorn
- Þvottahúsinréttingar
- Handklæðaofnar
- Sturtuklefar
- Eldhúsinréttingar
- Veggfest salerni
- Sturtubotnar
- Sturtuhurðir
- Blöndunartæki
- Sturtuskjól
- Baðfylgihlutir
- Sturtustangir
- Baðhlífar

Flottar vörur fyrir baðherbergið



Opið virka daga frá 9 til 18
Ármúla 31 - Sími 588 7332

www.i-t.is

50% 50% 35%
45% 35% 20%
50% 20% 40%
35% 20% 25%
20% 40% 45%
40% 25% 30%
25% 45% 50%
40% 30% 45%
40% 25% 35%
50% 30% 20%

Gæðin skipta máli

Í Rekstrarlandi finnurðu mikið úrval af vistvænum og vottuðum vörum.

VNR. 99514



EXTRA STERKUR ALHREINSIR
Á erfiða bletti
Verð frá 995 kr.



VNR. 99268



SALERNISPAPPÍR

8 rúllur í pakka, umhverfisvottaður, húðofnæmisprófaður, eyðir lykt, stíflar ekki lagnir.

Verð 738 kr.



VNR. 31651



ALHLIÐA HREINSIEFNI
Með ilmi
Verð 449 kr.



REKSTRARLAND

Skeifunni 11 | Sími 515 1100

www.rekstrarland.is

Stöndum vörð um skapandi atvinnugreinar

Ekki líður á löngu þar til fyrsta fjárlagafrumvarp nýrrar ríkisstjórnar lítur dagsins ljós. Þess er nú beðið með eftirvæntingu í opinberum stofnunum og meðal þeirra sem reiða sig á opinber fram-lög til samfélagslegra verkefna af fjölbreyttum toga. En eftirvæntingin er lituð óróleika vegna óvissu um niðurstöðuna. Ríkisstjórnin hefur boðað niðurskurðaraðgerðir og hefur falið sérskipuðum hópi að gera tillögur að hagræðingu í ríkisrekstri.

Í umfjöllun fjölmiðla um væntanlegar hagræðingar- aðgerðir hefur þriggja ára fjárfestingaráætlun fyrri ríkisstjórnar gjarnan borið á góma og því haldið fram að hún sé í upp- námi að meira eða minna leyti. Sú áætlun var fyrst kynnt á vordögum 2012 og á fjárlögum yfir- standandi árs eru liðlega tíu milljarðar merktir verkefnum sem tilheyra áætluninni. Tekju- hlið áætlunarinnar hefur verið umdeild og ljóst að sá hluti hennar sem tengdur var auknum arði af veiðigjaldi mun ekki ganga eftir og óljóst hvað verður með þann hluta sem tengdur var arði af eignasölu.

Fjárfestingaráætluninni var ætlað að fjármagna viðamikil verkefni á vettvangi samgangna, auk byggingar nýs fangelsis og húss íslenskra fræða, Einnig gerði hún ráð fyrir auknum stuðningi við rannsóknir og tæknipróun, uppbyggingu ferðamannastaða og friðlýstra svæða, auk ýmissa verk- efna á sviði græna hagkerfisins. Þá eru ótalin verkefni á vettvangi lista og skapandi greina, en þau eru einmitt tilefni þessa pistils.

190 milljarða velta

Á undanförunum árum hefur tals- verð vinna verið lögð í kortlag- ningu skapandi greina, m.a. gerð rannsókn á hagrænum áhrifum þeirra, sem leiddi í ljós að árleg velta greinanna nemur um 190

ATVINNA



Kolbrún Halldórsdóttir
forseti BÍL – Banda-
lags íslenskra
listamanna

milljörðum króna og að þær skapa um 10.000 árs- störf. Um þessar mundir starfa fjögur ráðuneyti saman að því að skil- greina stjórnslu grein- anna og framtíðarstefnu á grundvelli skýrslu sem gefin var út á haust- dögum 2012.

Með fjárfestingar- áætlun fyrri ríkis- stjórnar voru sett fram áform til þriggja ára um aukin framlög til verk- efnatengdra sjóða á vettvangi lista og sköpunar. Í krafti hennar var framlag til Kvikmyndasjóds tvöfaldað, auk þess sem stofn- aðir voru fjórir nýir sjóðir sem nokkuð lengi hafði verið beðið eftir, þ.e. Hönnunarsjóður, Mynd- listarsjóður, Útflutningsjóður tónlistar og Handverkssjóður. Þá var sett aukin fjármagn til sjóða á sviði bókmennta, til starf- semi atvinnuleikhópa og til Tón- listarsjóds. Í heildina er hér um að ræða stuðning við skapandi atvinnulíf upp á 720 milljónir króna, þar af 470 milljónir til Kvikmyndasjóds og 250 milljónir í aðra sjóði. Þessir fjármunir eru til staðar í fjárlögum 2013 og aug- ljóst að ef þeirra nýtur ekki við í fjárlögum 2014 mun það koma hart niður á uppbyggingu þeirra atvinnugreina sem byggja á starfi listamanna og hönnuða.

Mikið í húfi

Forsvarsmenn aðildarféлага BÍL – Bandalags íslenskra lista- manna, sem eru 14 talsins og hafa innan sinna vébanda um 4.000 félagsmenn; listamenn og hönnuði, hafa undanfarið gengið á fundi ráðherra í ríkisstjórninni til að gera grein fyrir þessari stöðu og óskað eftir áframhald- andi stuðningi við uppbyggingu skapandi atvinnugreina. Mikil- vægi þessara greina er t.d. sýni- legt í ferðaþjónustu, sem um þessar mundir er sú atvinnugrein sem er í örustum vexti hér á landi. Þegar erlendir ferðamenn eru spurðir að því hvað hafi ráðið

→ Listamenn og hönnuðir hafa lagt fram þá frómu ósk að ráðamenn standi vörð um gríðarlega möguleika skapandi atvinnugreina á næstu árum ...

því að þeir völdu Ísland sem áfangastað kemur í ljós að næst íslenskri náttúru hafa menning og listir mest aðdráttarafl. Gefandi samstarf hefur þróast milli ferðaþjónustunnar og skapandi greina, t.d. með þátttöku í stefnu- mótun Íslandsstofu og einnig með kraftmiklu samstarfi við menning- og ferðamálasvið Reykja- vikurborgar.

Sú staðreynd að Listahá- skóli Íslands útskrifar á hverju ári fjölda listamanna og hönnu- ða vegur að sjálfsögðu þungt í þessum efnum. Aðrir háskólar hafa einnig aukið vægi skapandi greina, má þar t.d. nefna náms- brautir í hagnýtri menningar- miðun af ýmsu tagi. Þá hafa sveitarfélögin á landsbyggðinni lagt á það áherslu að byggja upp atvinnutækifæri tengd listum og skapandi greinum. Nægir að nefna fjölbreytta flóru hátíða í bæjar- félögum víðs vegar um landið og uppbyggingu handverks- og lista- miðstöðva, auk markvissara sam- starfs á vettvangi sveitarfélaga t.d. á Austurlandi með samein- andi afli Austurbrúar. Með menntu- ðu og hugmyndaferðum fólki og nýjum leiðum til samstarfs opn- ast ótal möguleikar á að fram- kvæma skapandi hugmyndir, oft í samstarfi við aðrar atvinnu- greinar, jafnvel sjávarútveg og landbúnað. Það er því mikið í húfi og mikil sú ábyrgð sem hvílir á herðum þeirra sem undirbúa fjár- lagatillögur fyrir næstu ár. Lista- menn og hönnuðir hafa lagt fram þá frómu ósk að ráðamenn standi vörð um gríðarlega möguleika skapandi atvinnugreina á næstu árum, greina sem hafa sannað sig sem einn öflugasti vaxtarsprotinn í íslensku atvinnulífi.

Af gæðum grunnskólans

Um þessar mundir er íslenski grunnskól- inn settur og nemendur streyma í skólann. Það er mér mikið tilhlökkunar- efni því það er gaman að vinna með íslenskum ungmennum og ekki síður að vinna gott starf með metnaðarfullu starfs- fólki skólanna. Undan- farin misseri hafa margir leitast við að draga upp mynd af íslenska grunn- skólanum sem dýrri og frekar duglausri stofn- un. Nú síðast eru það Alþjóða- gjaldveyrissjóðurinn í skýrslu um þjóðarhag og hinn annars ágæti pistlahöfundur Pawel Bartoszek. Mér sýnist við Pawel deila áhuga á skólamáli og báðir viljum við horfa á alþjóðlegt samhengi til að meta árangurinn.

Íslendingar hafa óhikað sett grunnenntun barna í aukinn for- gang undanfarna áratugi. Einkum hefur það verið áberandi eftir að sveitarfélögin tóku við þeim mála- flokki. Ég er sannfærður um að þessi forgangur hefur skilað sér vel og mun gera áfram á næstu árum. Áform um árangur eru fjöl- breytt og metnaðarfull og er það vel. Að undanförunum virðast þó ein- ungis tvö meðaltöl nefnd til að meta gæði grunnskólans; klifað er á að hlutfallslegur kostnaður þjóð- arinnar sé hár gagnvart meðal- námsárangri. Ekkert heyrir af öðrum mælingum á gæðum grunn- skólans. Ekki vil ég gera minnstu tilraun til að draga þær tölur í

MENNTUN



Jón Páll Haraldsson
aðstoðarskólalastjóri
Laugavekjar-skóla
í Reykjavík
Fyrri grein

efa en kannski frekar að draga upp örliðið víðara samhengi. Úr alþjóðlegum könnunum má glögg- greina mörg sóknarfæri fyrir okkur en líka hvað íslenski grunnskólinn stendur sig frábærlega á mörgum sviðum.

Kostnaðurinn við grunnskólann

Hlutfallslega háan kostn- að okkar við grunn- skólann þarf endilega að kryfja vel. Fernt hef ég á hraðbergi sem ég tel mikilvægt að hafa í huga í því samhengi. Íslenska þjóðin er ung. Okkur er að fjölga og undanfarna áratugi hefur óvenjustór hluti þjóð- arinnar verið í grunnskóla. Mannfjöldapýramíðinn er skóla- rekstrinum óhagstæður. Íslenska þjóðin býr dreifð í stóru landi. Um leið og það skilar marg- þættum ávinningi er það ekki endilega hagkvæmt í rekstarbók- haldi frá ári til árs.

Laun kennara á Íslandi eru í öllum alþjóðlegum samanburði mjög slök. Engu að síður er launa- kostnaður um 70% af heildar- kostnaði við skóla. Það eru því augljóslega ekki laun ken- nara sem gera kostnaðinn háan í alþjóðlegum samanburði.

Á undanförunum árum höfum við byggt mikið af glæsilegum skóla- byggingum. Áhugavert væri að fá úttekt á því hve mikil áhrif það hefur í samanburði milli landa. Fjárfestingu í menntun ís-

→ Ég er sannfærður um að þessi forgangur hefur skilað sér vel og mun gera áfram á næstu árum.

lenskra ungmenna má kryfja enn betur en ég er einn af þeim sem hallast að því að í samanburði við þróaðri og þéttbýlli samfélög verði kostnaður okkar alltaf hár. Í þessari umræðu erum við um margt eins og stórfætt mann- eskja að máta okkur við meðal- stóran skó.

Námsárangur

Í frekar grunnri umræðu í fjöl- miðlum er námsárangur í þremur bóklegum greinum yfirleitt einn mælingin sem varpa skal ljósi á gæði menntakerfisins. Í PISA- könnuninni árið 2009 var árangur íslenskra nemenda góður – ekki í meðallagi eins og haldið er fram. OECD tilgreinir Ísland sérstak- lega í hópi þeirra þjóða sem ná árangri marktækt yfir meðal- tali í læsi og stærðfræði. Í nátt- úrfræði var árangur okkar hins vegar í meðallagi. Á Norðurlönd- unum eru þó aðeins Finnar sem ná betri námsárangri. Á netinu má lesa skýrslu OECD, PISA 2009 Results: Executive Summary og þannig fá nokkuð góða mynd af stöðu okkar á skómmum tíma.

Í seinni grein ætla ég mér meðal annars að fjalla um hvernig nem- endum líkar í skólanum, eftirsóttan jöfnuð milli nemenda og fleiri þætti sem gera íslenska grunnskólann einn þann besta í heimi.

Gorenje frystiskápur
Áður 179.900 kr.
Hausttilboð 129.900 kr.
Þú sparar 50.000 kr.

Gorenje frystiskápur F6151AW • Nýtanlegt rými frystihóls 206 lítrar
Frystiget 18kg/dag • Hljóðstyrkur 40 dB • Orkunýtni A+
Breidd 60 cm, hæð 145 cm, dýpt 64 cm • 6 skúffur • 5 ára ábyrgð

Reykjavík
Skútuvegur 1
Sími 562 4011

Akureyri
Draupnigata 2
Sími 460 0800

RÖNNING

VERTU VELKOMINN Á LJÓSANÓTT

Í DÚNDUR LJÓSANÆTUR TILBOÐ OG
AFLSÆTTI Í VERSLUNUM Í REYKJANESBÆ

Miðvikudagur kl. 11:00-22:00

(lokað milli 18:00 og 20:00)

Fimmtudagur kl. 11:00-22:00

Föstudagur kl. 11:00-22:00

Laugardagur kl. 11:00-22:00

Sunnudagur til kl. 13:00-17:00

FULLAR BÚÐIR AF NÝJUM VÖRUM,
LJÓSANÆTURTILBOÐ Í FULLUM GANGI

Ksport
KEFLAVÍK



GEORG V. HANNAH
Úr og skartgripir

Kóda

Hafnargötu 15 • Sími 421 4440



Fjóla

www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Gallery átta
Hafnargötu 24 Reykjanesebæ

••• **ÚTIVIST & SPORT ehf.**
Hafnargötu 25, Keflavík
Sími 421 3322

SKÓBÚÐIN


Draumaland
Tjarnargata 3 • Keflavík • Tel. 0 421 3855

**SI RAFLAGNIR
VERSLUN**
Aðiliða raflagnir • heimilistæki
Sportvörur • Gjöfaverur • Skólavörur

galleri
keflavík

 Skartsmiðjan

Krummaskud 

J&J



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
JÓHANNA BIRNA ÁGÚSTSDÓTTIR
Hvammstanga,
lést 15. ágúst sl. Útförin hefur farið fram.

Birgir Karlsson
Kolbrún Karlsdóttir
Ómar Karlsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Harpa Vilbertsdóttir



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,
KRISTJANA HJARTARDÓTTIR
Hlíf II, Ísafirði,
áður Skólavegi 9, Hnífsdal,
lést föstudaginn 30. ágúst sl.
á Landspítalanum Fossvogi.

Fyrir hönd aðstandenda,
Karl Sigurðsson



✝

Við þökkum innilega samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra
GUNNARS HELGA PÁLSSONAR
Hrafnistu, Hafnarfirði,
áður Skúlagötu 20.
Fyrir hönd aðstandenda,

Margrét Ásta Gunnarsdóttir **Guðlaugur S. Helgason**
Páll Gunnarsson
Björk Gunnarsdóttir



✝

Móðir okkar,
SIGRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR
Hraunbæ 103,
áður Oddsparti, Þykkvabæ,
lést á Hrafnistu, Hafnarfirði,
föstudaginn 30. ágúst.

Eygló Yngvadóttir **Sveinn Yngvason**
Magnús Yngvason **Katrín Yngvadóttir**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, stjúpfaðir, tengdafaðir og bróðir,
JÓN KRISTINSSON
Fannafoeld 119, Reykjavík,
sem lést á líknardeild Landspítalans þann 24. ágúst verður jarðsönginn frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 5. september kl. 13.00.

Sigríður Eysteinsdóttir
Eysteinn Sigurðsson **Elisabet Árnadóttir**
Pjetur Sigurðsson
Sólveig Kristinsdóttir



✝

HULDA BALDURSDÓTTIR
Byggðarenda 7,
lést þann 31. ágúst á hjúkrunarheimili Hrafnistu í Kópavogi.

Páll Bergþórsson og fjölskylda.



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,
UNA JÓNUNDSÓTTIR
Furugrund 22, Akranesi,
lést fimmtudaginn 29. ágúst. Útför hennar fer fram frá Akraneskirku mánudaginn 9. september kl. 14.00.

Guðjón Jóhannes Hafliðason
Guðrún Agnes Sveinsdóttir **Ingólfur Árnason**
Valey Björk Guðjónsdóttir
Hafliði Páll Guðjónsson **Harpa Hrönn Finnbogadóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,
EDDA PÁLSDÓTTIR
verður jarðsöngin frá Þorlákaskirkju fimmtudaginn 5. september kl. 11.00. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.

Geirlaug Geirdal
Ása Geirdal
Póra Geirdal
Páll Geirdal
Ævar Geirdal
og barnabörn.

Kjartan Friðrik Adólfsson
Kolbrún Rut Pálmadóttir
Súsanna Antonsdóttir



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
HAFSTEINN GUÐMUNDSON
frá Kleifum, Selströnd,
lést 28. ágúst á Hrafnistu Hafnarfirði. Útförin fer fram frá Viðistaðakirkju föstudaginn 6. september kl. 15.00.

Guðbjörg Ólafsdóttir
Sigurbjörg Hafsteinsdóttir
Ægir Hafsteinsson
Sigríður Harpa Hafsteinsdóttir
Anna Katrín Hafsteinsdóttir
og barnabörn.

Puríður Unnarsdóttir
Hákon Ólafsson



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
ÞORGEIR BJÖRGVINSSON
Asparhvarfi 18, Kópavogi,
sem lést miðvikudaginn 21. ágúst, verður jarðsönginn frá Lindakirkju fimmtudaginn 5. september kl. 15.00.

Klara Guðrún Hafsteinsdóttir
Hugrún Diljá Þorgeirsdóttir
Íris Rut Þorgeirsdóttir
Lýdía Þorgeirsdóttir
Eygló Þorgeirsdóttir
Klara Líf og María Margrét

Stefán Atli Guðnason
Atli Bjarnason



✝

Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,
ANNA MARGRÉT PÉTURSDÓTTIR
Seljabraut 78, Reykjavík,
andaðist sunnudaginn 1. september á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Jarðarförin auglýst síðar.

Eiríkur Haraldsson
Pétur Eiríksson **Amy Schimmelman**
Haraldur Eiríksson **Ingigerður Guðmundsdóttir**
Guðrún Eiríksdóttir **Hreiðar S. Marinósson**
og barnabörn.



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
GUÐRÚN MARGRÉT SÖLVADÓTTIR
frá Efri-Miðvík í Aðalvík,
áður til heimilis að Álftramýri 38,
lést á heimili sínu Norðurbrún 1 fimmtudaginn 29. ágúst sl. Jarðarförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík, fimmtudaginn 5. september kl. 13.00.

Marta Lunddal Friðriksdóttir
Ásta Lunddal Friðriksdóttir
Gunnar Lunddal Friðriksson
barnabörn og barnabarnabörn.

Gestur Halldórsson
Eðvarð Björgvinsson
Helena Bragadóttir



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
GUNNAR Ó. SKAFTASON
Boðagrandi 2, Reykjavík,
lést þriðjudaginn 27. ágúst á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirku, þriðjudaginn 10. september kl. 13.00.

Kristín Edda Kornerup-Hansen
Skafti Gunnarsson
Kristján Gunnarsson
Guðrún Edda Gunnarsdóttir
og barnabörn.

Súsanna Davídsdóttir
Amid Derayat




RITHÖFUNDUR Kjell Espmark er fyrrverandi prófessor í almennri bókmenntafræði við Stokkhólmsháskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Espmark heldur fyrirlestur um Tranströmer

Fyrirlestur á vegum stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum verður haldinn í Norræna húsinu.

Sænski rithöfundurinn Kjell Espmark heldur fyrirlestur um sænska skáldið og Nóbelsverðlaunahafann Tomas Tranströmer í Norræna húsinu fimmtudaginn 12. september klukkan 10.

Fyrirlesturinn er haldinn á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands, sænska sendiráðsins á Íslandi, Bókmennta-hátíðar í Reykjavík og Norræna hússins. Sænski sendiherrann á Íslandi, Bo Hedberg, flytur ávarp og kynnir höfundinn.

Kjell Espmark er sænskt ljóðskáld, rithöfundur og bókmenntafræðingur, fæddur árið 1930.

Hann hefur verið meðlimur í sænsku akademíunni frá árinu 1981 og meðlimur í nefnd sem úthlutar Nóbelsverðlaunum í bókmenntum og formaður hennar á árunum 1988-2004. Hann er fyrrverandi prófessor í almennri bókmenntafræði við Stokkhólmsháskóla.

Kjell Espmark hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir ljóðabækur sínar, til dæmis bókmenntaverðlaunin De Nios Stora Pris árið 2000, Tomas Tranströmer-verðlaunin árið 2010 og Capri-verðlaunin árið 2012. Hann hefur verið sæmdur heiðursorðu franska ríkisins.

Verk Espmarks hafa verið þýdd á tuttugu tungumál. Síðustu ljóðabækur hans sem út hafa komið á ensku eru Lend Me Your Voice (2011) og Ljóðasafnið Outside the Calendar (2012). Robin Fulton Macpherson þýddi þær báðar og þær komu út hjá Marick Press í Michigan. Bók hans, The Nobel Prize in Literature, hefur komið út á fjölda tungumála, þar með talið á ensku árið 1991.

✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir og afi,
SVERRIR KJARTANSSON
Hrísateig 47, Reykjavík,
andaðist á líknardeild Landspítalans miðvikudaginn 28. ágúst sl. Útför hans fer fram föstudaginn 6. september kl. 13.00 frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

Ádalheiður Halldórsdóttir
Edvard K. Sverrisson **Halldóra Jónsdóttir**
Hildur Sverrisdóttir **Július B. Helgason**
Heiða Sverrisdóttir
Davíð G. Sverrisson **Jófríður Guðmundsdóttir**
Ingibjörg Jóna Birgisdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



✝


Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
PORVARÐUR GUNNARSSON
byggingameistari,
Birkihæð 4, Garðabæ,
lést að kvöldi laugardagsins 31. ágúst á lungnadeild Landspítalans í Fossvogi. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Erla Jónsdóttir
Örn Þorvarðarson
Sigrún Jóna Þorvarðardóttir **Gísli Eypórsson**
Ingibjörg Þorvarðardóttir **Thorbjörn Brink**
Kristín Magnúsdóttir **Ingibjartur B. Þórnýsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



STYRKIR ÓNÆMISKERFIÐ

Skortur á sumum bætiefnum getur orsakað slen, þrekleysi og jafnvel heilsubrest. Á haustin fara alls kyns pestir á kreik. Þá er gott að taka inn fjölvítamín og lýsi. Það styrkir ónæmiskerfið og dregur úr líkum á hvers kyns skorti.

Hausverkur Ekki þjást **MigreLief**
Mígrene.is
MigreLief fyrirbyggjandi fæðubótarefni fyrir fulloröna og börn



KOMA JAFNVÆGI Á HORMÓNABÚSKAPINN
Nýjar rannsóknir sýna að próbótískir gerlar geta átt þátt í að minnka kviðfitu.

BUMBUNA BURT

GENGUR VEL KYNNIR Nýjar rannsóknir sýna fylgni milli inntöku próbótískra gerla og minnkaðrar kviðfitu.

Þarmaflóran í venjulegri manneskju inniheldur hundruð mismunandi tegunda gerla og baktería. Jafnvægi þessara baktería getur raskast vegna veikinda, inntöku sýklalyfja, kaffidrykkju og margra annarra orsaka í umhverfi okkar. Próbótísku gerlarnir, þar með talinn asídóflus, losa okkur við slæmu bakteríurnar og koma á nauðsynlegu jafnvægi í þörmunum. Nú hefur komið í ljós að þessir vinveittu gerlar geta líka hjálpað til við að minnka kviðfitu.

Því að við fitnum meira. Heilbrigð þarmaflóra minnkar einnig upptöku kolvetna í smáþörmunum, sem annars breytast í kviðfitu, með því að hreinlega éta þessi kolvetni. Rannsóknir hafa að auki sýnt að slæmar bakteríur, sem fyrirfinnast í þörmum þar sem ójafnvægi baktería og gerla ríkir, framleiða eiturefnið lipopolysaccharides (LPS) sem geta framkallað insúlínónæmi eða undanfara áunninnar sykursýki (sykursýki 2).

EINN ÖFLUGASTI ASÍDÓFÍLUSINN Á MARKAÐNUM
Dr. S.K. Dash, höfundur Prógastró DDS+3, hefur þróað tækni sem gerir alla hans gerla sýruþolna.

UNDRAYERÐUR ÁRANGUR

Nýleg rannsókn (sjá: www.consumerlab.com) á japönskum karlmönnum sem allir voru of þungir sýndi að með því að gefa þeim stóra skammta af próbótískum gerlum í 12 vikur minnkaði kviðfitan um 4,6%. Viðmiðunarhópurinn sem fékk lyfleysu sýndi hins vegar engan árangur. Virkni próbótískra gerla felst m.a. í því að þeir koma jafnvægi á hormónabúskap okkar, sérstaklega á hormónin leptín og ghrelín, sem senda skilaboð til heilans um hvort við séum svöng eða södd. Þegar þarmagerlarnir eru í jafnvægi senda þeir „eðlileg“ skilaboð um hvort við séum södd eða svöng en ef ójafnvægis gættir á þessum hormónum geta skilaboðin brenglast með þeim afleiðingum að við finnum fyrir hungurtilfinningu án þess að vera í raun svöng og höfum því tilhneigingu til að borða of mikið. Með því að borða of mikið eyðum við einnig of mikilli orku í meltinguna. Það verður til þess að orkan minnkar, sem í framhaldi leiðir til minnkaðrar hvarar til að hreyfa sig. Minni hreyfing getur svo stuðlað að

SÝRU- OG GALLPOLNIR GERLAR

Mikilvægt er að gerlarnir sem teknir eru inn séu sýru- og gallþolnir því maginn inniheldur mikla sýru og próbótísku gerlarnir eiga mjög erfitt með að lifa af í því háa sýrustigi sem fyrirfinnst í magnum. En ekki má gleyma því að maginn á að vera súr. Þörfin fyrir góðgerlana er í smáþörmunum og því þurfa þeir að lifa af ferðina í gegnum súran magann. Dr. S.K. Dash, höfundur Prógastró DDS+3, hefur þróað tækni sem gerir alla hans gerla sýruþolna. Prógastró DD+3 eru því bæði gall- og sýruþolnir ásamt því að vera einn öflugasti asídófílusinn á markaðnum í dag. Hann inniheldur fjórar tegundir af góðgerlum sem margfalda sig í smáþörmunum og koma þeim í frábært jafnvægi. Prógastró DDS+3 þarf ekki nauðsynlega að geyma í kæli og því finnst hann á sumum sölustöðum í hillum. Þó er ráðlagt að geyma þá í kæli eftir opnun. Hægt er að kaupa Prógastró DDS+3 í öllum helstu apótekum, Heilsuhúsinu, Lifandi markaði, Krónunni, Hagkaupum og Fjarðarkaupum. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is



Flottir kjólar
Stærð 42 - 52
Verð 14.900 kr.

Opið virka daga kl. 11-18.
Opið laugardaga kl. 11-16.

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtið) | Sími 555 1516

Klið á myndir og verð á Facebook

ÓTRÚLEGA FLOTTUR



NÝTT NÝTT

teg **SÚSANNA** -
fæst í **D,DD,E,F,FF,G**
skálum

á kr. 11.675,-
buxur á kr. 5.685

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
lokað á laugardögum í sumar

Vestu vinur f



iittala

Tékk www.tk.is
KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

Gjöf handa þér og þínum



Meira blóðflæði Betri líðan betri heilsa

Eftir fertugt framleiðir líkaminn mun minna

Nitric Oxide SUPERBEETS örvar

Nitric Oxide framleiðslu strax.


Betra blóðflæði, **30%** æðaútvíkkun, **30%** meiri súrefnisupptaka, réttur blóðsykur, aukin fitubrensla, **20%** meira þrek orka og úthald, hraðar bata eftir æfingar.

Bætt ris hjá körlum, aukin kynörvun kvenna.

Hefur áhrif á og bætir: Blóðþrýsting, kólesteról, hjarta-æða- og taugakerfi, þvagblöðru og ristil, lifur, nýru, ofnæmiskerfi, heila, skapferli, Þynnku, astma, lugnaþembu. Ríkt af andoxunarefnum.



Nitric Oxide
Nóbelsverðlaun 1998
Sameind ársins 1992



SUPERBEETS Rauðrófukristall

100% lífrænt og því fullkomlega öruggt 30. daga skammtur. 1 teskeið daglega (2 tsk. fyrir æfingar) blandað í 150 ml af vatni. Bætt blóðflæði 30 mín eftir inntöku.

Náttúruleg kynörvun fyrir karla og konur

Hvað gerir **VIAGRA - SILDENAFIL**
The release of nitric oxide molecules causes erection.

Fæst í apótekum, heilsuþúðum, World Class og Sportlíf



Umboð: www.vitex.is




Öflug vörn gegn sveppasýkingum

„Ég mæli með Bio Kult Candéa fyrir skjólstaðinga mína. Síðustu ár hef ég lagt mikla áherslu á að vera í jafnvægi, með góða orku og einbeitingu í lífi og starfi. Ég hef lagt áherslu á að taka inn góða gerla til að viðhalda jafnvægi og orku og hef prófað þá allra bestu hér á markaðinum hverju sinni,“ segir Sigríður Jónsdóttir, ADHD markþjálfari og fíkniefnaráðgjafi.

„Mér finnst Bio Kult Candéa vera skjótvirkasta varan sem ég hef prófað. Ég mæli með henni fyrir skjólstaðinga mína sem gjarnan eru að glíma við ójafnvægi í lífi sínu.“

Bio-Kult
Candéa



Barnaheill
Save the Children í Íslandi



**GÓÐUR Í MAT-
INN** Kúalubbi er vinsæll sveppur til matargerðar. Hann má tína víða um land.
MYND/VILMUNDUR

ALGJÖR SVEPPUR

UPPSKERUTÍMI Sveppatínsla færir í vöxt hérlendis en sveppir vaxa víða um land. Nú er rétti tíminn til að tína sveppi til matargerðar.

Þótt sveppir hafi vaxið hérlendis alla tíð hafa Íslendingar lítið stundað sveppatínslu. Það hefur þó breyst undanfarin ár og nú færir sífellt meira í vöxt að fólk tíni sér sveppi til matargerðar. Milli 30 og 40 sveppategundir vaxa hérlendis sem hægt er að borða en besti tíminn til sveppatínslu er yfirleitt frá miðjum ágúst og fram á haust. Vilmundur Hansen, garðyrkjumaður og blaðamaður, segir þó sumarið í ár hafa verið óvenju blautt og því hafi tímabilið byrjað fyrr í ár. „Vegna mikilla rigninga í sumar fór sprettan fyrr af stað. Það er hægt að tína sveppi víða um land og raunar þarf ekki að keyra langt frá þéttbýli til að finna svæði þar sem sveppir vaxa.“

Það er mjög auðvelt að tína sveppi. Eina sem þarf er lítill hnífur og ílát. Gott er að hafa bursta meðferðis til að hreinsa sveppina. „Best er að tína sveppi tveimur til þremur dögum eftir rigningu og þá í þurru veðri. Síðan á ekki að rífa þá upp heldur skera þá með hnífnum eða snúa þeim upp úr jörðinni. Svo þarf að þrifa þá vel og setja í körfu eða bréfpoka. Séu þeir settir í plastpoka skemmast þeir fyrr. Það er líka góð venja að skera sveppina í helming til að sjá hvort sniglar hafi komist í þá.“

Vilmundur segir bestu sveppina vera



kóngasveppi, kúalubba, slíngumpa, sortukúlur, lerkisveppi og furusveppi. „Svo má ekki gleyma kantarellusveppum en þeir eru toppurinn að mínu mati. Þeir eru mjög eftirsóttir matsveppir vegna góða bragðsins, enda mjög ljúffengir.“

Nokkrar tegundir eittraðra sveppa eru á Íslandi og brýnir Vilmundur fyrir fólk að neyta aldrei sveppa sem ekki hafa verið greindir. „Uppskeruna má svo geyma með ýmsum hætti. Sveppina er hægt að frysta sneidda og hráa, sjóða, þurrka, súrsa í ediki og steikja á pönnu en þá er best að nota eins lítið smjör og hægt er eða nánast þurrsteikja þá.“

SVEPPIR VAXA VÍÐA

„Best er að tína sveppi tveimur til þremur dögum eftir rigningu og þá í þurru veðri,“ segir Vilmundur Hansen garðyrkjumaður.

MYND/STEFAN

EKKI HÆGT AÐ DREKKJA LÚS

- Lús heldur sig í hárinu og við hársvörðinn. Hún stekkur ekki né flýgur en berst milli manna ef bein snerting verður frá hári til hárs í það langan tíma að hún skriður á milli.
- Lús sem fellur úr hári verður strax veikburða. Þó er ekki hægt að útiloka að lús berist á milli ef tveir nota sama hárbursta eða húfu með stuttu millibili.
- Leita þarf að lús með nákvæmri skoðun. Það er best gert með lúsakambi yfir hvítum fleti eða spegli undir góðri lýsingu.
- Ef lús finnst er á vef landlæknis mælt með að setja efni í hárið sem drepur lúsina og endurtaka þá meðferð að sjó dögum liðnum. Einungis skal með-

höndla þá sem hafa lifandi lús í hárinu.

- Ýmis náttúruleg efni hafa gegnum aldirnar verið notuð gegn lús. Virkni þeirra hefur þó ekki verið staðfest með rannsóknnum en á vefnum www.liceworld.com er að finna samantekt á náttúrulegum og kemískum lúsameðulium og mögulegri virkni þeirra.
- Algengustu náttúruleg lúsameðulin eru blöndur af ilmólum en til að efni í olíunni hafi einhver áhrif á lús þyrfti magn olíunnar að vera 8-10% af blöndunni sem notuð væri í hárið. Svo mikið magn

gæti ert húðina.

- Þó virðast eucalyptus-olía, tea-tree-olía og anísolía hafa áhrif á lúsina.
- Ólífuolía, kókosolía og majónes hafa einnig verið notuð gegn lús með óstaðfestum árangri þó. Þykk olían er talin getað kæft lúsina þar sem hún lokar fyrir súrefnisinntöku lúsarinnar og tefur einnig ferð hennar um hársvörðinn. Olían þyrfti þá að vera lengi í hárinu þar sem lús þurfa lítið súrefni.
- Ekki er hægt að drekkja lús með því að fara í sund þar sem lús getur hafst við í vatni í marga klukkutíma.



Nánar á: www.liceworld.com og www.landlaeknir.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson**, kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



ÞRIÐJÚDAGUR 3. SEPTEMBER 2013

RAFBÍLAR – STAÐA OG FRAMTÍÐARHORFUR

Þeir rafbílar sem nú eru á markaði hafa reynst vel og þær skattalækkningar sem ríkisvaldið innleiddi á síðasta ári hafa skilað sér vel í verði þeirra. Markmið opinberra aðila er 10% vistvænir bílar áður en áratugurinn er liðinn.

Það eru margir áratugir síðan fyrsti rafmagnsbíllinn ók um götur Reykjavíkur. Saga þeirra er þó miklu eldri og í upphafi síðustu aldar var næstum helmingur allra bíla í heiminum rafmagnsknúinn, enda töldu fróðir menn að uppbygging innviða fyrir olíudreifingu yrði aldrei að veruleika. Það var síðan ekki fyrr en 1999 sem rafmagnsbílar komu í einhverjum mæli til landsins þegar tíu Peugeot-bílar voru fluttir til landsins. Í viðtali við Jón Björn Skúlason, framkvæmdastjóra Íslenskrar NýOrku, kemur eftirfarandi fram um stöðu og framtíðarhorfur rafbíla.

Frámpróun og bjóguð umræða

Veruleg þróun hefur átt sér stað frá því þessir fyrstu bílar komu til

landsins. Fyrst og fremst eru rafgeymarnir orðnir mun áreiðanlegri, líftími þeirra hefur lengst og bjóða flestir framleiðendur fimm ára ábyrgð á geymunum. Þeir eru nánast að fullu endurvinnanlegir og gæði bílanna eru almennt svipuð því sem gengur og gerist með hefðbundna bíla. Enn fremur eru þeir mun léttari en áður. Verðið hefur ekki lækkað mikið en er þó heldur á niðurlægingu. Bílarnir eru tilbúnir fyrir það verkefni sem þeir voru hannaðir fyrir, þ.e. innanbæjarakstur og akstur styttri vegalengda. Flestir nýju bílanna hafa við íslenskar aðstæður 70-120 km drægi eftir veðri, sem ætti að vera nægjanlegt fyrir flesta.

Umræðan um þessa bíla hefur verið óeðlileg í fjölmiðlum síðustu ár. Talað hefur verið um að hundruð eða þúsundir bíla séu væntanleg og að þeir geti keyrt 150-

300 kílómetra á hleðslu. Það eru jú til bílar sem komast 300 km á hleðslu en það eru sérsmíðaðir bílar sem ólíklegt er að hinn hefðbundni neytandi kaupi á næstunni, enda helst verð og drægi nokkuð vel í hendur þar sem rafgeymarnir eru dýrasti hluti bílsins, eða 30-50%.

Góð reynsla

Þeir rafbílar sem nú eru á markaði hafa reynst vel. Ljóst er að þær skattalækkningar sem ríkisvaldið innleiddi á síðasta ári hafa skilað sér vel í verði bílanna og eru þeir ódýrir miðað við nágrannalöndin. Þeir sem hyggjast kaupa slíka bíla en ætla að bíða þar til bílarnir lækka mikið í verði eða að drægi þeirra eykst verulega gætu þó þurft að bíða lengi.

Líklegt verður að teljast að bílarnir lækki lítið í verði á næstu

árum. Einnig er ólíklegt að drægi bílanna aukist verulega á næstu árum, kannski 10-20%.

Þrátt fyrir að verðlag bílanna sé hagstætt og rekstrarkostnaður lágur, eða 40-50.000 krónur fyrir 15.000 km á ári, hefur salan á árinu verið dræm. Tæplega 20 nýir rafmagnsbílar voru nýskráðir á síðasta ári. Bílgreinasambandið spáði nýlega að áætla mætti að 50 bílar yrðu skráðir á þessu ári og síðan gæti fjöldinn orðið um og yfir 100 á ári, eða u.þ.b. 1% markaðarins. Norðmenn eru heimsmeistarar í kaupum rafmagnsbíla, með 2,5-3,5% allra seldra nýrra bíla.

Framtíðarhorfur

Almennt er talið að jarðefnaeldsneyti verði einn af aðalorkugjöfnum í samgöngum langt fram eftir þessari öld, enda eru rúm-

lega 99,9% bílaflota heimsins, um milljarður bíla, knúin jarðefnaeldsneyti. Ljóst er hins vegar að mikil gerjun á sér stað um þessar mundir í þróun á nýju eldsneyti og nýrri vélataekni fyrir bíla. Það vill gjarnan gleymast í umræðunni að mikil breyting hefur átt sér stað í hönnun bensín- og dísilvéla á síðustu árum og eyðsla þeirra og útblástur koltvísýrings hefur minnkað stórlega. Það er þó líklegt að á Íslandi verði langstærstur hluti bílaflotans enn knúinn jarðefnaeldsneyti talsvert fram yfir 2025. Markmið opinberra aðila er að að minnsta kosti 10% alls eldsneytis í landsamgöngum verði vistvænt fyrir 2020. Með samhentum átaki er mögulegt að það takist en mikilvægt er að opinberir aðilar sýni gott fordæmi í nýtingu slíkra bíla.



Byrjaðu strax að spara. Skráðu kortin ykkar núna á www.stod2.is/vild

ENN MEIRA FYRIR
ÁSKRIFENDUR

LADDI
LENGIR LÍFIÐ

30%

30% afsláttur á Ladda í Hörpu. Gildir á allar sýningar í sölu fram að fyrstu sýningu haustsins, þann 7. september.



20%

20% afsláttur af öllum námskeiðum sem hefjast 9. september. Aðalkennari er Kameron Bink úr So You Think You Can Dance.

0 kr. útborgun



Porsche 911.

Goðsögn sportbílanna á afmæli

Frægasti sportbíll heims, Porsche 911, var afhjúpaður 1963 og hann er því 50 ára á þessu ári. Í hálfri aldar sögu 911 hefur aldrei verið hvíkað frá þeim gildum sem bílahönnuðurinn Ferdinand Porsche lagði til grundvallar við smíðina, að hanna framúrskarandi sportbíl þar sem stefnt er að fullkomnun án málamiðlana. Það segir sína sögu að 70% allra Porsche 911-sportbíla sem hafa verið framleiddir eru enn á götunum.

Í tilefni af þessum tímamótum ætlar Bílabúð Benna að halda upp á afmælið með veglegri sýningu á Porsche 911-bílum í sýningarsal sínum laugardaginn, 7. september. Á sýningunni verða mörg glansandi eintök af Porsche 911 sem endurspeglu munu glæsilega hönnunarsögu Porsche 911 í hálfri öld. Allir eru velkomnir til Benna á laugardaginn, en opið verður milli 12 og 16.



270 hestöfl úr aðeins 1,6 lítra sprengirymsi.

Peugeot 308 R í Frankfurt

Bílaframleiðendur keppast nú við að byggja upp spennu fyrir þeim bílum sem þeir sýna á bílasýningunni í Frankfurt í næsta mánuði. Flestir bílanna sem sýndir verða þar eru í framleiðslu eða munu örugglega verða framleiddir. Svo eru aðrir sem bílaframleiðendurnir sýna til að fá viðbrögð frá sýningargestum og bílابلadámönnum. Einn slíkra bíla er þessi Peugeot 308 R, sem er kraftaútgáfa hins hefðbundna 308 bíls. R-bíllinn hefur fengið 270 hestafla vél sem er aðeins með 1,6 lítra sprengirymsi. Því skilar hver lítri sprengirymsis heilum 170 hestöflum, sem gerist vart hærra. Þó skilar vélin í Mercedes Benz A45 AMG 8 hestöflum meira á hvern lítra sprengirymsis. Þessa vél, sem verður í R-bílnum, má einnig finna í Peugeot RCZ R.

Peugeot 308 R er lægri og breiðari og lengra á milli hjóla en á venjulegum 308. Mjög fátt í yfirbyggingu bílsins kemur beint frá venjulegum 308-bíl. Aðeins þakið og húddið eru þaðan en framendinn, hliðarnar, hurðirnar, skottið og stuðarnir fengu sérsmíði og það úr koltrefjum.



Mercedes-Benz E-Class Hybrid er 7,5 sekúndur í hundraðið en eyðir aðeins 4,1 líter á hverja hundrað kílómetra.

E-Class nú með hybrid-tækni

Mercedes-Benz býður nú í fyrsta skipti upp á hybrid-tækni í E-Class bílnum. Þannig býttur heitir hann E 300 BlueTEC Hybrid og er með tvínaflrás sem samanstendur af fjögurra strokka, 2,2 lítra dísilúrbínúvél sem skilar 204 hestöflum og 500 Nm togi og hins vegar 20 kW rafmótor. Bíllinn er 7,5 sekúndur í hundraðið en eyðslan er aðeins 4,1 lítri og koltvísyringslosun aðeins 107 g/km. Rafmótorinn er afar nettur og þyngir bíllinn lítið.

E-Class er einnig í boði í bensín- og dísilútfærslum. Líklegt má telja að E 250 CDI verði vinsæll með 2,2 lítra dísilúrbínúvél, eins og er í hybrid-bílnum. Eyðsla

hans er frá 4,8 lítrum á hundraðið og koltvísyringslosun 131 g/km. E-Class-bílarnir koma allir með sjö þrepa stíglausri sjálfskiptingu. Þeir eru boðnir bæði í sedan- og langbaksútfærslu.

Þó nokkrar útlitsbreytingar hafa verið gerðar á nýjum E-Class. Nýr framendi gefur bílnum kraftmikinn og fágaðan svip. Straumínulögun bílsins skilar sér í lágrí loftmótstöðu, aðeins 0,25, þeirri lægstu í flokki lúxusbíla í þessum stærðarflokki. Nýr E-Class er kominn til landsins og er til sýnis og sölu hjá Öskju, umboðsaðila Benz á Íslandi.

BÍLAR

www.visir.is/bilar

Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000

Auglýsingar
Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbirgir@365.is
Sími 5125432

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is

Vetrarleiga frá
46.900 kr.
á mánuði!

Kynnntu þér la

í síma 591-4000

- Ekkert vesen

TIL HVERS AÐ KAUPA BÍLINN ÞEGAR ÞAÐ ER HÆGT AÐ LEIGJA HANN?

Langtímaleiga Avis er þægilegur, sveigjanlegur og umfram allt skynsamlegur kostur þegar kemur að rekstri bifreiða.

Langtímaleigu hjá AVIS fæst nýr eða nýlegur bíll. Það er engin útborgun og engin endursöluáhætta. Hægt er að leigja bílinn í eitt til þrjú ár. Einnig er boðið upp á styttri leigu eins og til dæmis vetrarleigu. Það er góður kostur fyrir þá sem eru í eða vinna við skóla, vinna við vetrartengt starf eða vilja einfaldlega heilsusamlegri lífsstíl á sumrin.

Núna í september eru vetrarleigubílar til dæmis að fara út og verður svo skilað aftur þegar vorar. Vetrarleigan virkar þannig að þú leigir bílinn bara yfir vetrarmánuðina. Hún hefur verið sérstaklega vinsæl fyrir komandi vetur. Til dæmis er verð á smábíl í vetrarleigu um 46.900 á mánuði og þá eru bifreiðagjöld, tryggingar og dekkjaskipti innifalin.

Það eru margir ótvíræðir kostir við að leigja bíla frekar en að eiga þá. Það fylgir enginn viðhaldskostnaður leigðum bílum, né bifreiðagjöld. Ekki þarf að hafa áhyggjur af dekkjaskiptum, tryggingum eða endursöluáhöttu bílsins. Dekk, dekkjaskipti, olíuskipti og allt hefðbundið viðhald og tuttugu þúsund kílómetra akstur á ári er innifalinn. Einstaklingar sem eru með langtímaleigusamning við Avis geta

svo hvenær sem er á samnings-tímanum fengið stærri eða minni bíla á sérkjörum allt eftir því hvað hentar. Fólk getur því verið á ódýrum og sparneytnum fólksbíl en fengið svo stærri bíl í nokkra daga, hvort sem það er fyrir ferðalag eða flutninga. Þegar tekinn er saman allur kostnaður við rekstur og kaup á bíl kemur í ljós að það borgar sig í flestum tilvikum að leigja bíl frekar en að kaupa hann.

Viðskiptastjórar Avis hafa mikla reynslu og auðvelda viðskiptavinum að sjá bestu kostina. Það er misjafnt hvort um er að ræða aukabíl á heimilið, tímabundin verkefni, árstíðabundin störf eða stöðuga keyrslu, svo eitthvað sé nefnt.

Avis bílaleiga leggur mikla áherslu á að kaupa inn sem mest af vistvænum bifreiðum, enda krafan um slíka bíla alltaf að aukast. Viðskiptavinir Avis hugsa mun meira um eldsneytiseyðslu og mengun bifreiða í dag en þeir gerðu áður fyrr. Við erum því stolt af því að geta sagt að í dag eru 25 prósent allra fólksbíla okkar vistvæn.

Bílafloti Avis er stór og nær yfir allan skalann, allt frá litlum umhverfisvænum smábílum upp í stóra jeppa, smárútur og sendiferðabíla. Til eru fjórar stærðir



Ófeigur Friðriksson og Ólóf Sif Þráinsdóttir, viðskiptastjórar hjá Avis.

af sendiferðabílum sem henta fyrirtækjum jafnt sem einstaklingum að leigja. Leigutíminn er mjög sveigjanlegur en það er hægt að leigja þessa bíla frá fjórum klukkustundum allt upp í 36 mánuði.

Á undanförunum árum hefur Avis verið einn stærsti kaupandi nýrra bifreiða á Íslandi og er með yfir sextíu tegundir bifreiða til útleigu, allt frá smábílum til fjórtán manna bíla. Frá 1962 hafa einkunnarorð Avis verið

„við gerum betur“. Í þessum orðum er fólgin sú sannfæring að gott samband við viðskiptavini byggja á einbeittum vilja fyrirtækisins til þess að gera betur, bæði hvað varðar þjónustu og fagmennsku.

Langtímaleigu

AVIS

Bílaleiga

PORSCHE 911 TURBO S 	3,8 L. BENSÍN, 560 HESTÖFL Fjór hjóladrif Eyðsla 9,7 l./100 km í bl. akstri Mengun 227 g/km CO2 Hröðun 3,1 sek.	Hámarkshraði 318 km/klst Verð 20.000.000 kr. Umboð Bílabúð Benna	KEMUR Á ÓVART <ul style="list-style-type: none"> • Auðveldur í akstri • Lág eyðsla þrátt fyrir allt aflið • Stöðugleiki við hvaða hraða sem er 	 <ul style="list-style-type: none"> • Dýr • Allir að horfa 	 <ul style="list-style-type: none"> • Akstursgeta • Afl • Fegurð
---	--	---	--	---	--

Porsche 911 Turbo S
Með allra fallegustu bílum og ekki skortir hann aflið né íburðinn



BESTI AKSTURSBÍLL Í HEIMI?

Porsche 911 Turbo S er bæði ógnvænlegur sem ljón og fallegur sem antilópa og hefur eiginleika þeirra beggja, sprengikraft og fimi. Akstur bílsins er engu líkur og aflið meira en reynsluökumaður hefur kynnst áður.

PORSCHE 911 TURBO S
Finnur Thorlacius reynsluukur

Það er líklega ekki hægt að bjóða bíla- blaðamanni upp á meiri veislu en það að reynsluaka nýjstu kynslóð Porsche 911 Turbo S, meðal annars á keppnisbraut. Það þarf varla að segja meira en að þetta er öflugasti framleiðslu- bíll Porsche, 560 hestöfl og er 3,1 sekúnda upp í hundraðið. Hann er bæði ógnvænlegur sem ljón og fallegur sem antilópa og hefur eiginleika þeirra beggja, sprengikraft og fimi. Bíllinn var prófaður í Bad Driburg í Þýskalandi, nærliggjandi glænýrri 4,2 km langri akstursbraut og fallegum sveitum þar í nágrenninu.

Ógleymanlegur brautarakstur

Aksturinn á brautinni var svo eftirminnilegur að erfitt verður að finna aðra eins upplifun. Eknir voru fjöldamargir hringir með atvinnuökumanni á undan og fóru fjórir bílar með bíla- blaðamönnum á eftir hverjum slíkum. Ávallt voru eknir fjórir hraðahringir í beit sem urðu sífellt hraðari eftir því sem blaðamenn náðu meiri tókum á bílnum. Í kjölfar hvernar ökuhrinu varð að fara einn kæli- hring til að kæla bremsubúnað og vél. Akstursbrautin sem opnuð var í apríl á þessu ári er um margt sérstök. Mesti hæð- armunur hennar er 70 metrar, mesti niðurrhalli er 26 gráður og mesti upphalli 20 gráður. Því fá bílstjóri og farþegi rækilega í magann þegar farið er um þessar brekkur á eins miklum hraða og mögulegt er og ekki var laust við að hróp heyrdust inni í bíl- unum sem í bland stöfuðu af gleði og hræðslu.

Rétt fyrir mesta niðurrhallann var réttnefnd „mausefalle“, eða músagildra, sem er býsna kröpp beygja. Ótrúleg upplifun er að skrensa hana fyrir þennan ógn- vænlega niðurrhalla. Á hraðasta beina kafla brautarinnar var

hægt að ná um 230 km hraða ef farið var hratt úr síðustu beygju fyrir beina kaflann og brems- að eins seint og gerlegt var fyrir beygjuna við enda hans. Eftir þá beygju kom svo annar kafla þar sem 215 km hraða var hægt að ná fyrir aðra krappa beygju. Ávallt sáust hærrí og hærrí tölur eftir því sem þeir tveir ís- lensku öikumenn sem í bílnum voru náðu betri tókum á bílnum.

„Launch control“ og svigakstur

Á öðrum stað við hlið brautar- innar var svo hægt að reyna enn betur dýnamíska getu bílsins og hófst hún á kyrrstöðuupptaki með aðstoð „launch control“- búnaðar bílsins. Sá búnaður leyfir öikumanni að taka af stað á fullum snúningi vélarinnar, en þá þarf að standa á bremsunni með vinstri fæti, botna bensín- ið með þeim hægri og sleppa svo bremsunni. Við það þýtur bíll- inn af stað eins og um eldflaug væri að ræða. Víst er að bíllinn nær 100 km hraða á minni tíma en uppgefinni 3,1 sekúnda, enda gefur Porsche ávallt upp mjög hógværar frammistöðutölur bíla sinna. Fullyrt hefur verið að fyrri kynslóð bílsins hafi náð hundraðinu á 2,7 sekúndum svo búast má við að það sé hægt á 2,5 sekúndum á þessum nýja bíl og grunaði öikumann það sterk- lega er þetta var reynt. Óger- legt er að halda haus við þessi átök og endar höfuð öikumanns ávallt í hauspúðanum við öll þessi átök og kinnarnar þrýstast aftur með andlitinu. Í framhaldi af þessum spretti tekur svo við stórt svæði þar sem komið hafði verið fyrir keilum sem fara átti á milli í svigi og skrikaði bíll- inn þá gegnum hverja beygju. Því fylgdi gríðarmikill hávaði og eins gott að halda fast í stýr- ið því veggrip bílsins er svo gott að mikla krafta þarf til að ná að skrika bílnum í þessum kröppu beygjum.

Ótrúlegt ökutæki

Ekki tók verra við þegar tekn- ir voru tveir stórir hringir um sveitirnar í kring, annar 120 og

hinn 160 km langir. Lágu þeir báðir um fagrar sveitir, fal- lega sveitabæi og kafla á hrað- brautum þar sem hámarkshraði er ótakmarkaður. Þar sem há- markshraði bílsins er 318 km/ klst. var að sjálfsgöðu mark- miðið að komast sem næst því. Mikil umferð á hraðbrautunum kom hins vegar í veg fyrir að því yrði að fullu náð en þó sást tala rétt yfir 280. Enn þá átti þessi ótrúlegi bíll nóg eftir er þeim hraða var náð og ekki tók það heldur langan tíma.

Bíllinn er aðeins 10,1 sekúnda að ná 200 km hraða og hraða- aukningin heldur bara áfram jafnhvatt upp frá því. Þvílíkt ökutæki. Engu að síður var ör- yggistilfinning öikumanns jafn mikil og aldrei fannst honum bílnum ofboðið við öll þessi átök. Hann er einfaldlega smíð- aður fyrir slíkt. Fyrir bíl með þessa akstursgetu er hreint magnað hve auðvelt er að aka honum og á það alls ekki við flesta þá bíla sem standa honum á sporði hvað afl og upptöku varðar.

Bæting á öllum sviðum

Sjö gíra PDK-sjálfskipting bíls- ins er algerlega óaðfinnanleg og engin leið væri að skipta bíl- um betur með beinskippingu. Í reynsluakstrinum í Þýska- landi var einnig prófað ein- tak af bílnum sem ekki er með S í enda nafnsins og er hann þá „aðeins“ 520 hestöfl. Virki- lega þurfti að leita að munin- um á þessum tveimur bílum, en þó fannst örliðill munur á milli- hröðun bílsins. Í þessari nýju kynslóð Porsche 911 Turbo er í fyrsta sinn komin afturhjóla- stýring í bílinn og geta afturhjóla- in snúið mest 2,8 gráður öfugt við framhjólin, allt til að fara megi hraðar í beygjur. Aftur- hjólin geta líka beygt allt að 1,5 gráður í sömu átt og framhjóla- in, sem eykur stöðugleika bílsins á mikilli ferð og við hraðar ak- reinaskiptingar.

Lengra er á milli oxla bíls- ins en á forveranum og eykur það einnig stöðugleikann. Bíll-

Bílnir tilbúnir til átaka í reynsluakstri.



Glæst innrými.




Ökumaður og bíll tilbúnir í brautarakstur.

inn er með vindkljúfa að fram- an og aftan sem spretta fram eftir hraða bílsins og negla hann á veginn og magnað er að sjá hvernig þeir virka. Enn á ný hefur því Porsche tekist að smíða bíl sem bætir miklu við getu síðustu kynslóðar en hver sem er getur ekið. Einnig er með hreinum ólíkindum hvað Porsche

hefur bætt eyðslu- og mengunar- tölur um leið og afl. Það er ótrú- legt að aka bíl sem efast má um að nokkur annar bíll geti sigrað á öllum sviðum aksturs og þó eru margir þeirra miklu dýrari. Það eru engin takmörk fyrir því hvað verkfræðingum Porsche tekst og alltaf vekur það furðu hve mikið þeir geta bætt bíla sína.

BÍLAR & FARARTÆKI



PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bilauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is



SKODA Superb Ambition Diesel 170 hð. Árgerð 2013, ekinn 11 P.KM, Sjálfskiptur, Leður, Bluetooth, aukadekk ofl. Verð 5.5 m sjá nr.133007 á www.litla.is Einstaklega rúmgóður og sparneytinn!

Litla bilasalan
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is



KIA Ceed ex 1.6 bensín sjálfsk. Árgerð 2007, ekinn 103 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.850.000. Rnr.210001.



FORD Explorer xlt 4wd. Árgerð 2003, ekinn 150 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.390.000. Rnr.160373.



HYUNDAI I 30. Árgerð 2007, ekinn 115 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.690.000. Rnr.990322.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

HEIMSBÍLAR



MMC Pajero intense+. Árg. 2007, ek. 97 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Leður, krókur, ný dekk. Verð 4.690.000. Rnr.321481.

Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5674000
<http://heimsbilar.is>

Bílar til sölu



ÚTSALA!!
MMC Space Star ,00, 5g. Ný kúpl o.fl. Nýsk. Eyðir litlu. V. 160þ. Vectra 2.0, ssk. Árg. ,00. Ek. 135þ. Tímar., púst o.fl. nýtt. V. 260þ. S. 821 9887.



RENAULT MEGANE SPORT TOURER Ljósgrár, Árg. 2006 Ek. 85 þ.km. Krókur. Verð kr. 1.190.000 Uppl. í S: 824 6464.



Toyota Yaris 08/04, 5 dyra, Sjálfskiptur, ekinn 138,þkm. Álfelgur, Ný skoðaður, góð heilsárs dekk. Verð 850,000,- Uplýsingar í síma 820-4104.



M. Benz ML430. Árg. ,99. Ek. 124 mílur. Góður bíll. Stuðari aðeins brotinn að framan. Heilsársdekk. V. 890 þús. S. 849 2290.



NISSAN Primera, árgerð 2004, ekinn 161 þ.km, viðmiðunarverð 802 þ.kr, verð 550 þ.kr. Uppl. í síma 897 3858.

Til sölu Opel Corsa 95. árg. Diesel. ek. 135 þús. Hægt er að yfirtaka lán upp á 477 þús. + 500 þús. í peningum. Uppl. í S. 617-7020.

Til sölu Ford Explorer ,96, 6 cyl. Sjálfssk., krókur, sk. ,14. V. 300 þús. S. 896 8568.

0-250 þús.



TILBOÐ 250 ÞÚS
VOLVO S40 2.0 Sjálfskiptur, árgerð 98 ek.177 þús, skoðaður 14, dökkar rúður, cd ofl, góður bíll ásett verð er 490 þús fæst á 250 þús s.841 8955.

Bílar óskast

!!! 0-250ÞÚS STAÐGREITT !!!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Uppl. í S. 691 9374.

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.

Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815
eða sendu sms.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Vinnuvélar

BYGGINGAKRANI TIL SÖLU
Til sölu Comansa byggingakrani HT35. Kraninn er í dag uppistandandi. Uppl. í s. 893 1696.

Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Varahlutir

VW - SKODA - VARAHLUTIR

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúð, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyota Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852

Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.

SMÁPARTAR.IS

Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Volkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

Frábær verð á nýlegum bílum!

Allt að 80% fjármögnun möguleg!



Nissan Qashqai +2 (7 manna)
Árgerð 2012
Bensín, ekinn ca. 25 þ. km.
Sjálfskiptur, glerþak ofl.
Frábært verð! 4790 þús.



VW UP
Árgerð 2013
Bensín, ekinn 15 þ. km.
Beinskiptur.
Frábært verð! 1840 þús.



Suzuki Jimny
Árgerð 2012
Ekinn 25 þ. km.
Beinskiptur.
Frábært verð! 2890 þús.



Nissan Qashqai
Árgerð 2009
Ekinn 70 þ. km.
Sjálfskiptur.
Frábært verð! 3190 þús.



Suzuki Grand Vitara
Árgerð 12/2010
Ekinn 50 þ. km.
Beinskiptur.
Frábært verð! 2990 þús.



Suzuki Grand Vitara DIESEL
Árgerð 2009
Ekinn 72 þ. km.
Beinskiptur.
Frábært verð! 3250 þús.



Hyundai I 30
Árgerð 2012
Bensín, ekinn 35 þ. km.
Beinskiptur.
Frábært verð! 2990 þús.



Skoda Octavia Kombi STW DIESEL
Árgerð 2007
Mjög gott eintak! Ekinn 70 þ. km.
Sjálfskiptur.
Verð 2450 þús.



Hyundai IX 35 4x4
Árgerð 2011
Ekinn 45 þ. km.
Sjálfskiptur.
Verð 4190 þús.



VW Polo
Árgerð 2007
Ekinn 80 þ. km.
Sjálfskiptur.
Frábært verð! 1090 þús.



VW Polo
Árgerð 2010
Ekinn 70 þ. km.
Beinskiptur.
Frábært verð! 1380 þús.



Ford Explorer Sport Trac
Árgerð 2007
METAN/bensín, ekinn 94 þ. km.
Sjálfskiptur umboðsbíll.
Frábært verð! 2190 þús.

bilfang.is

Malarhöfða 2 (Beint fyrir ofan BL)
Sími: 567 2000

BÍLASALA REYKJAVÍKUR

BÍLDHÖFÐA 10 - 110 RVK
WWW.BR.IS - S: 587-8888

SJÓFRYSTUR FISKUR

ÝSUFLÖK

RODLAUS - BEINLAUS

1.050 kr.kg

Fiskurinn er aðeins seldur í 9 kg öskjum. Pr. askja kostar 9.525 kr

ÓDÝRT HOLLT GOTT



SELJUM

SENDUM

MÖTUNEYTAÞJÓNUSTA

SELJUM OG SENDUM Í MÖTUNEYTI.

ALLA DAGA, STÓR SEM SMÁ.

Sími 777 2002

Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 • www.fiskikongurinn.is



SUDOKU

LÉTT

	4	1	7	9	6	5		
5		6	2		4		9	
		8						
9	8			1	5	2		
	5	9	3				4	
	6			4	9		1	
1			9	6				
	2	7		5	8			

LÉTT

MIDLUNGS

9	4			5				
3	5		6		4	7		
	2			1			5	
	5		3	8		1		
	7				3		6	
	3					4		
			4	2	6			
7	2		8	5				
8	4	7				6		

MIDLUNGS

PUNGS

				7				4
4			5	9				
3			2		9		1	
5	3	7					2	9
6	8	9	1		5			7
			4					
						6	4	
6								8
5	1		8	6				

PUNGS

9	6	4	1	2	5	7	3	8	1	2	5	6	4	7	9	3	8	1	6	3	8	9	4	5	2	7
8	2	1	6	3	7	9	4	5	6	7	3	2	9	8	4	5	1	4	7	8	3	2	5	6	1	9
3	7	5	4	8	9	1	2	6	9	4	8	1	3	5	2	6	7	5	2	9	6	1	7	8	3	4
4	9	2	5	1	8	6	7	3	3	6	2	4	7	1	5	8	9	9	8	7	1	5	2	4	6	3
7	8	6	3	9	2	5	1	4	5	8	7	9	6	3	1	2	4	2	3	4	9	8	6	7	5	1
5	1	3	7	6	4	8	9	2	4	9	1	5	8	2	3	7	6	6	1	5	4	7	3	9	8	2
2	4	7	8	5	1	3	6	9	8	3	9	7	2	4	6	1	5	3	9	2	7	6	8	1	4	5
6	5	9	2	7	3	4	8	1	2	1	4	8	5	6	7	9	3	7	5	6	2	4	1	3	9	8
1	3	8	9	4	6	2	5	7	7	5	6	3	1	9	8	4	2	8	4	1	5	3	9	2	7	6


LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prættin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli



HANDAN VIÐ HORNID

Eftir Tony Lopes



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SPAKMÆLI DAGSINS

Það er ekki eftir sem býið er. Ásmundur Guðmundsson

SKÁK

Gunnar Björnsson

Hinn ungi og efnilegi Mykhaylo Kravchuk (1232) hefur byrjað vel á Meistaramóti Hellis. Hann vann Veroniku Steinunni Magnúsdóttur (1541) í 3. umferð. Hvítur á leik.



51. Rf6! Svartur gafst upp enda óverjandi mátt í þremur leikjum. Jóhann Hjartarson sigraði á minningarmóti Guðmundar Arnlaugssonar sem fram fór í MH á laugardag. www.skak.is. EM-landsliðið kynnt

KROSSGÁTA

LÁRÉTT
2. sæti, 6. hljóm, 8. tré, 9. háttur, 11. bókstafur, 12. hólf, 14. einkennis, 16. vörumerki, 17. segi upp, 18. tæfa, 20. tveir eins, 21. maður.

LÓÐRÉTT

1. lýð, 3. tveir eins, 4. eyja í Miðjarðarhafi, 5. hallandi, 7. land, 10. þokki, 13. spor, 15. þekking, 16. stykki, 19. íþróttafélag.

LAUSN

1. lífa, 2. sess, 6. óm, 8. eik, 9. lag, 11. ka, 12. kleri, 14. aðals, 16. ss, 17. rek, 18. tík, 20. yy, 21. karli. LÖBÐRÉTT: 1. fólk, 3. ee, 4. síkiley, 5. ská, 7. malasta, 10. gedi, 13. far, 15. skyu, 16. stk, 19. kr.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
14					15
16			17		
18		19		20	
21					

*Ekki eit umstang,
þara fjón*

Afmælisveisla í Skemmtigarðinum Smáralind

VERÐ FRÁ **1.390** KR.

Er afmæli framundan?
Láttu okkur sjá um afmælið með frábærri skemmtun.

Lazertagpartý, Frumskógarpartý, Leikjapartý eða Megaleikjapartý.
Pizzur og Pepsi fylgja öllum afmælistilboðum okkar og afmælisbarnið fær gjöf í garðinn.

**Í Skemmtigarðinum Smáralind
er barnapössun í boði fyrir
börn 3 ára og eldri**

Krílaheimar fyrir yngri börnin:
stórt gagnvirkt leiksvæði og lítið frumskógarhús.

RISA Frumskógarhúsið er fyrir eldri börnin:
Fimm hæðir, stútfullar af spennandi leikjum.

Barnalandið er opið:
Mánudaga til föstudag kl. 14 til 19
Laugardaga kl. 12 til 19
Sunnudaga kl. 13 til 19

Börn geta dvalið í allt að
2 klst. í senn

BARNAGÆSLA

VERÐ **950** KR.

Systkinaafsláttur / 750 kr.
fyrir næsta barn.

Skemmtigarðurinn
SMÁRALIND

www.skemmtigarurinnsmaralind.is



UPPLIFÐU NÁND

Aðgengileg bók fyrir alla sem vilja bæta samskipti sín og sambönd

„Þetta er vel skrifuð og úhugaverð bók um mikilvægt efni. Hlý og mannúðleg.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON



ÚTGÁFUGLEÐI

Í tilefni af útgáfu bókarinnar verður fagnað í Gallerí Fabúlu, Geirsgötu 7, 101 Reykjavík, í dag kl. 17.

Allir velkomnir

Léttar veitingar og tilboð á bókinni!



I, CULTURE
„Áhrifamesti dagskrárliðurinn var án efa hljómsveitarkonsertin eftir Bartók. Þetta skemmtilega verk lék í höndunum á sveitinni.“

Pegar hún var góð ...

TÓNLIST ★★★★★

I, Culture hljómsveitin hélt tónleika í Hörpu

Stjórnandi: Kirill Karabits.

Einleikari: Khatia Buniatishvili.

FIMMTUDAGINN 29. ÁGÚST

Eftir að Harpan var opnuð hafa íslenskir tónleikagestir fengið nokkur tækifæri til að hljóða á erlendar sinfóníuhljómsveitir á lifandi tónleikum. Heyra mátti eina slíka á fimmtudagskvöldið, að þessu sinni I, Culture Orchestra. Það hljómar eins og nafn á einhverju appi. Sennilega er nafngiftin komin til vegna þess að allir hljómsveitarmeðlimirnir eru undir þrítugu.

En þetta er líka ung hljómsveit í öðrum skilningi, því hún var stofnuð fyrir tveimur árum. Hljómsveitin hefur verið kölluð Unglíðahljómsveit Austur-Evrópu. Hljóðfæraleikararnir eru frá Póllandi, Armeníu, Hvíta-Rússlandi, Aserbaidsjan, Georgíu, Moldavíu og Úkraínu. Markmið hljómsveitarinnar er m.a. að stuðla að auknu samstarfi þessara þjóða.

Ekki ósennilega er innblásturinn kominn frá The West-Eastern Divan Orchestra, sem Daní-

el Barenboim stendur að. Það er líka ungmennasveit og eru meðlimirnir frá löndum sem lengi hafa háð stríð, eins og Palestínu og Ísrael. Tilgangurinn er að sýna fram á að þessar þjóðir geti unnið saman í friði og spekt.

Fremur lítt þekkt úkraínski tónlist var fyrst á dagskránni á tónleikunum. Hún var eftir Borís Líatosjinski, sem var uppi á fyrri hluta aldarinnar sem leið. Verkið bar heitið Grazyna og er hugleiðing um samnefnt ljóð eftir pólska skáldið Adam Mickiewicz.

Tónlistin var svipmikil, drungaleg en falleg. Hljómsveitin spilaði ágætlega undir stjórn Kirill Karabits. Heildarhlómurinn var glæsilegur, enda fleiri hljóðfæraleikarar en í Sinfóníuhljómsveitinni okkar. Helst mátti þó finna að nokkuð óhræinum málmblæstri.

Næst á dagskrá var fyrsti píanókoncertinn eftir Prókofjev. Þar var einleikari Khatia Buniatishvili. Hún minnti mig á stúlkuna í ljóðinu eftir Henry Longfellow. Þegar hún var góð, þá var hún voða góð. En þegar hún var vond, þá var hún alveg skelfileg.

Það góða var píanókoncertinn. Hann var sérlega áhrifamikill í meðföllum einleikarans, afar

hvass og snarpur, einmitt eins og hann átti að vera. Túlkunin var reyndar býsna hrá, e.t.v. dálítið kuldaleg. En fingralipurðin og krafturinn var aðáunarverður.

Hið vonda var hins vegar aukalagið, sem var lokakafllinn úr sjöundu píanósónötu eftir sama tónskáld. Kafllinn var svo hraður að hann varð að skrum-skælingu. Buniatishvili var hér greinilega að sýna hvað hún gæti spilað hratt. Fyrir bragðið hljómáði verkið eins og það sem helst heyrir á svartmetal-tónleikum. Boðskapurinn? Jú, þótt maður geti hlutina, þarf maður ekki alltaf að gera þá.

Áhrifamesti dagskrárliðurinn var án efa hljómsveitarkonsertin eftir Bartók. Þetta skemmtilega verk lék í höndunum á sveitinni. Stjórnandinn náði að skapa ótrúlega spennandi frásögn úr tónlistinni. Tæknilega séð var leikurinn mun betri en í fyrsta verkinu. Strengirnir voru silki mjúkir en líka þéttir og safaríkir. Mál- og tréblástur var sömu leiðis fókuseraður og tær; annað var eftir því. Þetta var frábært.

Jónas Sen

NIÐURSTADA: Yfirleitt mögnuð skemmtun. Einleikarinn var sérlega flottur en fór yfir strikið í aukalaginu.

Sony Center

www.sonycenter.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ FYLGIR ÖLLUM SJÓNVÖRPUM

Sony PS3 fylgir W9 sjónvörpum og Sony XPERIA L með W8 sjónvörpum



Frábær kaupauki fylgir besta sjónvarpi í Evrópu*

*Skv. EISA. European TV of the year 2013-2014: KDL-55W905A



eða



FRAMÚRSKARANDI MYNDGÆÐI OG ENDALAUSIR MÖGULEIKAR
Verð frá 249.990.-

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni / 569 7700

Sony Center
Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri / 569 7645

12 MÁNAÐA VAXTALAUS LÁN*

*3,5% lántökugjald og 330 kr. færslugjald á hvern gjalddag



30%

YOGI - laus te

Gómsætu tein frá YOGI innihalda jurtir, fræ og þurrkuð krydd. Ilmurinn og bragðið koma huga og sál á betri stað.
30% AFSLÁTTUR

20%

Slökun - allar tegundir

Eflir heilbrigði ónæmiskerfisins, viðheldur blóðsykursjafnvægi og eðlilegum blóðþrýstingi. Magnesium er lífsnauðsynlegt til að framleiða og geyma orku.
20% AFSLÁTTUR

20%



SweetLeaf Stevian

Náttúruleg sæta unnin úr laufum Stevíu plöntunnar. Inniheldur engar hitaeiningar og er mjög bragðgóð.
20% AFSLÁTTUR

HAUSTTILBOÐ HEILSUHÚSSINS

KOMDU OG GERÐU
FRÁBÆR KAUP!

DAGANA
28. ÁGÚST - 10. SEPT.



25%

Frábæru Solaray bætiefnin á tilboði!

25% AFSLÁTTUR



25%

Higher Nature - hámarks virkni!

Hágæða bætiefnalína Heilsuhússins.
25% AFSLÁTTUR

GOSDRYKKUR +
MÖNDLUPOKI
KR. 899



Lauflett og ljúffengt

Whole Earth lífrænt gos

margar bragðtegundir.

Happy People möndlur

100% lífrænar, 100% dásamlegar.

GOSDRYKKUR + MÖNDLUPOKI KR. 899



25%

Guli miðinn

25% AFSLÁTTUR



20%

Bestu kremen fyrir veturinn!

Dag/næturkrem og augnkrem

100% náttúruleg afurð frá Aubrey Organics. Útlitið verður bæði unglegra og frískara.

20% AFSLÁTTUR



25%

Góðar fitur!

Udo's 3-6-9

Nauðsynlegar fitusýrur.

Redwood kókosolía

lífræn og kaldpressuð!

Á kroppinn eða til steikingar. Bæði betra!

25% AFSLÁTTUR

SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI



Heilsuhúsið

1979

Hvers á Dante að gjalda?

BÆKUR ★★★★★

Inferno

Dan Brown

ÞÝÐING: INGUNN SNÆDAL OG ARNAR MATTHÍASSON.

Bjartur

Dan Brown er ekki sérlega góður rithöfundur. Um það eru ekki deildar meiningar. Hins vegar tekst honum yfirleitt að byggja upp spennandi söguþráð með vísunum í heimsþekkt listaverk, trúarstefnur og ýmislegt annað sem vekur forvitni lesenda og seljast bækur hans um táknfræðinginn Robert Langdon því í milljónaupplögum, hvað sem bókmenntafræðingum finnst um listgildið.

Inferno er eins og nafnið bendir til uppfull af vísunum í Hinn guðdómlega gleðileik Dantes, en þó ekki svo að þekking á því verki sé nauðsynleg til að njóta sögunnar. Hún gæti jafnvel verið til trafala, en það er önnur saga.

Í stuttu máli er söguþráðurinn sá að Langdon hefur verið fenginn til að ráða í og raða saman táknum úr Gleðileiknum guðdómlega, en á honum hefur brjálaður vísindamaður byggt flókinn ratleik sem leiðir Langdon og aðstoðarkonu hans áfram frá Flórens og Feneyjum alla leið til Istanbúl í leit að banvænum vírusi, sem vísindamaðurinn hefur hannað til að reyna að stemma stigu við offjölgun fólks á jörðinni. Inn í er fléttað, að hætti Browns, fróðleik og staðreyndum um sögufrægar byggingar eins og Stjórnar-

höllina og Dómkirkjuna í Flórens, Markúsarkirkjuna í Feneyjum og Hagia Sofia, eða Ægisif, í Istanbúl.

Sagan er ansi langdregin og illa gengur að byggja upp þá spennu sem nauðsynleg er til að fá lesendur til að halda áfram að lesa. Fróðleikurinn sem Brown er svo æstur í að koma að flækist fyrir sögunni og lesandinn stendur sig að því að geispa af leiðindum á meðan hann teygir lopann. Þegar hann tekur svo u-beygju í seinni hluta bókar og allt sem á undan er komið reynist á misskilningi byggt, er lopinn orðinn svo teygður að hann tæplega hangir saman og lesandinn búinn að missa allan áhuga. Það er hætt við að æstir aðdændur Browns, sem beðið hafa þessarar bókar með öndina í hálsinum, verði fyrir heiftarlegum vonbrigðum.

Grunnstef bókarinnar, offjölgun mannkyns og hvað hægt er að gera til að stemma stigu við henni, er hins vegar mjög áhugavert og fær lesandann til að gúggla í ódáðnn til að forvitnast um hvort eitthvað sé verið að gera í þeim málum og hvort sú fullyrðing sem sett er fram í bókinni að með sama áframhaldi útrými mannkynið sjálfu sér innan skamms hafi verið sett fram í alvöru af þar til gerðum vísindamönnum. Að því leyti er Inferno fengur fyrir fróðleiksþyrsta, en spennufiklar fá heldur lítið fyrir sinn snúð.

Friðrika Benónýsdóttir

NIÐURSTAÐA: Heldur bragðdaufur og langdreginn þriller frá Brown, en vekur þó áhugaverðar spurningar.



Goðsögn fallin frá

Sjónvarpsmaðurinn David Frost lést um borð í skemmtiferðaskipi síðastliðinn laugardag, 74 ára að aldri. Hann er talinn hafa látist af völdum hjartaáfalls.

Breski sjónvarpsmaðurinn David Frost lést síðastliðinn laugardag, 74 ára að aldri. Hann var um borð í skemmtiferðaskipinu Queen Elizabeth þegar hann lést. Talið er að hann hafi látist af völdum hjartaáfalls.

Frost kom víða við á löngum ferli sínum, en hann starfaði meðal annars við fréttamennsku, skrifaði gamanefni og stýrði sjónvarpsþáttum. Það var aftur á móti fyrir viðtal hans við Richard Nixon, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, á áttunda áratug síðustu aldar sem fólk mun minnst hans um ókomna tíð. Árið 2008 var kvikmynd búin til um atburðinn og ber hún titilinn Frost/Nixon.

Ferill Frosts hófst árið 1962 þegar hann stýrði þættinum That Was the Week That Was fyrir breska ríkisútvarpið, BBC. Þátturinn naut mikilla vinsælda og gerði það að verkum að honum hlotnaðist tækifæri til að starfa sem þáttastjórnandi í Bandaríkjunum.

Á síðustu árum hefur Frost stýrt fjölmörgum viðtalsþáttum. Þar á meðal eru þættirnir Frost Over the World, sem sýndir voru á Al Jazeera-sjónvarpsstöðinni.

Sjónvarpsferill Frosts þykir einstakur en hann er eini maðurinn sem hefur tekið viðtöl við alla átta forsætisráðherra Bretlands á árunum 1964 og 2010, sem og alla sjö forseta Bandaríkjanna frá árinu 1969 og fram til ársins 2008.

Frost þótti ekki einungis snjall sjónvarpsmaður heldur hafði hann einnig næmt auga fyrir fyndnu



VIÐTÖL Davids Frost við Richard Nixon, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, eru á meðal þess sem fólk mun minnst hans fyrir.

hliðunum á tilverunni.

Hann vann meðal annars með grínistum á borð við John Cleese, Ronnie Barker og Ronnie Corbett í þættinum

The Frost Report, þáttum sem eru taldir hafa veitt Monty Python-hópnum innblástur.

Frost giftist eftirlifandi eigin konu sinni, lafði Carina Fitzalan-Howard, árið 1983 og eignaðist með henni þrjú börn.



GOÐSÖGN Sjónvarpsmaðurinn David Frost er látinn.



VINIR Frost og Paul McCartney á góðri stundu.

Síminn | Spotify

Síminn, Spotify og þú

Takin' Care of Business | Bachman-Turner Overdrive | 4:53 | Tómas A. Tómasson | Veitingamaður

Hlustaðu á tónlistina þína í símanum hvar og hvenær sem er.

Þú finnur upphaldslögin þín á Spotify, einni stærstu tónlistarveitu í heimi.

Spotify Premium fylgir öllum Snjallpökkum!

Spotify Premium áskrift í 6 mánuði, að andvirði 1.590 kr./mán., fylgir öllum Snjallpökkum gegn 6 mánaða samningi.

<p>Spotify</p> <p>SNJALLPAKKI</p> <p>300</p> <p>3.490 kr./mán.</p> <p>300 mín. 300 SMS 300 MB</p>	<p>Spotify</p> <p>SNJALLPAKKI</p> <p>500</p> <p>4.990 kr./mán.</p> <p>500 mín. 500 SMS 500 MB</p>
<p>Spotify</p> <p>SNJALLPAKKI</p> <p>1000</p> <p>7.990 kr./mán.</p> <p>1000 mín. 1000 SMS 1000 MB</p> <p>3G aukakort í 12 mán.</p>	<p>Spotify</p> <p>SNJALLPAKKI</p> <p>1500</p> <p>10.990 kr./mán.</p> <p>1500 mín. 1500 SMS 1500 MB</p> <p>3G aukakort í 12 mán.</p>

Síminn

ESTÉE LAUDER

Ónógur svefn.
Eldist húð þín þess vegna of hratt?
Ný rannsókn segir - að það gerist.

Nýtt. Advanced Night Repair

Þetta byltingarkennda nýja serum stuðlar að náttúrulegu hreinsunarferli á næturna – sem er mikilvægt til þess að húðin sýnist unglegri.

Prófað og sannað.
Húðin verður mikið mýkri, geislandi, tærari og með jafnari húðlit.

Vaknaðu á hverjum degi með fallegri húð.

Árangursríkt fyrir öll þjóðerni

25+ einkaleyfi á innihaldsefnum um allan heim

20% kynningarafsláttur af nýju dropunum frá Estée Lauder í dag og á morgun



Laugavegi 80 - Sími 561 1330

Pegar safna skal í sarpinn

BAKPAKAR
Söru
McMahon



Pegar hausta tekur tek ég sinnaskiptum. Ég hætti að grilla fisk í kvöldmat og elda frekar kássur og súpur. Ég hætti að klæðast skæriltu flíkinni (þessari einu sem ég á) og dreg fram svartar peysur, skyrtur og buxur. Ég tek lagið Sunshine Reggae með Jeremy Oates & The Music Makers af lagalistaum í vinnunni og hendi þess í stað tónlist Fever Ray inn á listann. Mesta breytingin á sér þó líklega stað inni á heimilinu, því ég hef enn og aftur í hyggju að bretta upparmar og safna í sarpinn fyrir komandi ótíð.

FYRSTI liður í söfnunaráttakinu fór fram um síðastliðna helgi. Þá klæddi ég mig í snjóbuxur, gönguskó og regnstakk og hélt af stað út í móa í þeim tilgangi að tína ber; mörg kíló af berjum! Úr þeim baka bókur og búa til morgunverðarþeyting.

Berjaskammturinn ætti að duga heimilisfólkinu langt fram í desember. Annar liður í áttunum er að framleiða tvíbökur í massavís og lokahnykkur áttaksins er hin árlega sláturtaka.

JÆJA. Berjatínslan hófst á því að ég eignaði um tún og móa, þjókuð af vöðubólgu, í leit að einhverju ætilegu. Við fyrstu sýn virtist fátt um ber en þegar betur var að gáð sáust nokkur bláber í felum á bak við lítinn runna og þangað skreidd ég. Mér til mikillar gleði voru berin heldur fleiri og stærri en ég hafði búist við og því hlammaði ég mér niður í grasið og hóf að plocka á meðan ég raulaði lagið Joanna með Gasoline fyrir minni mér. Eftir nokkurn tíma reis ég loks úr lautinni, tók fötu mína og hélt í átt að bílnum. Þegar ég svo klæddi mig úr snjóbuxunum tók ég eftir því að rassinn á buxunum var þakinn fjólubláum klessum – nú veit ég að berjablá liturinn næst illa úr flíkum og þess vegna tel ég buxurnar gott sem ónýtar. Ég þarf því að safna mér fyrir nýjum snjóbuxum fyrir veturinn. Söfnunaráttakið heldur því áfram.

Smilewound fær góða dóma

Hljómsveitin múm gefur út sína sjöttu hljóðversplötu á föstudaginn.

Hljómsveitin múm sendir frá sér sína sjöttu hljóðversplötu á föstudaginn. Hún heitir Smilewound og inniheldur rafpopplög í knöppum stíl.

➔ Múm spilar á Iceland Airwaves í lok október.

Þýska útgáfan Morr Music gefur út einn Smilwound er fyrsta plata múm sem kemur einnig út á kassettu. Aukalag á Smilewound er lagið Whistle sem múm hljóðritaði með hinni áströlsku Kylie Minogue. Lagið hljómar í kvikmyndinni Jack and Diane, þar sem Minogue fer með eitt aðalhlutverkanna. Smilewound hefur fengið góðar viðtökur hjá erlendri tónlistarpressu. Breska tónlistartímaritið Mojo gefur henni fjórar stjörnur af fimm mögulegum og tímaritið

Q þrjár stjörnur. Clash gefur henni átta af tíu mögulegum og vefsíðan Drowned in Sound sjö af tíu í einkunn. Múm mun fylgja plötunni eftir með tónleikaferð um Evrópu í haust. Í sumar spilaði sveitin á nokkrum tónlistarháttum og fór meðal annars í ferðalag til Asíu. Síðasta plata múm hét Early Birds. Hún kom út í fyrra og hafði að geyma safn laga sem fengu ekki pláss á fyrri breiðskífum sveitarinnar. Síðasta plata múm með nýju efni var Sing Along To Songs You Don't Know sem kom út 2010.



MÚM Hljómsveitin múm gefur út sína sjöttu hljóðversplötu á föstudaginn. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

Angelina Jolie snýr aftur

Angelina Jolie, sem lítið hefur sést til síðan hún lét fjarlægja bæði brjóst sín með aðgerð í vor, hefur snúið aftur til vinnu.



ANGELINA JOLIE

Hún kemur til með að leikstýra kvikmyndinni Unbroken eftir Coen-bræður. Myndin fjallar um ólympíska hlauparann Louis Zamperini, sem Japanar héldu fongnum í seinni heimsstyrjöldinni.

Athygli vakti þegar Angelina, sem hefur hingað til viljað halda lífi sínu utan fjölmiðla, skrifaði einlægan pistil í New York Times þar sem hún útskýrði ástæður aðgerðarinnar.

Kate Bosworth orðin gift kona

Leikkonan giftist leikstjóranum Michael Polish.

Leikkonan Kate Bosworth giftist leikstjóranum Michael Polish nú um helgina. Brúðkaupið sem var hið glæsilegasta var haldið í bænum Philipsburg í Montana í Bandaríkjunum, þar sem nánustu vinir og fjölskylda þeirra hjóna komu saman. Það var engin önnur en lífsstílsdrottningin Martha Stewart sem sá um skreytingar fyrir veisluna, sem var að sögn gesta fullkomin. Bosworth mætti í brúðkaupið í hestvagni og klæddist hlýralausum kjól frá fatahönnuðinum Oscar de la Renta.

Bosworth og Polish kynntust við gerð kvikmyndarinnar Big Sur og hafa verið par frá því í júlí 2011. Þau trúlofuðu sig ári síðar.



HAMINGJUSÖM Kate Bosworth gifti sig um helgina sem leið. NORDICPHOTOS/GETTY

Kvikmyndasafn Íslands Bæjarbíó

Öllum boðið meðan húsrúm leyfir í Bæjarbíó

Sýnt er á þri kl. 20:00 og lau kl. 16:00
Sjá sýningaráskrá á: www.kvikmyndasafn.is

Movie listings for Sambíón and various titles like 'The Conjuring', 'We're the Millers', etc. Includes 'PRÍÐJUDAGSTILBOÐ' labels.

Movie listings for Smáráð, Háskólabíó, and Smáráð. Includes 'PRÍÐJUDAGSTILBOÐ' labels.

Movie listings for Laugarásbíó and 'The Act of Killing'. Includes 'PRÍÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR' label.

Advertisement for BÍÓ PARADÍS featuring 'The Act of Killing' and other titles.



Way of Life!



SUZUKI ALTO

Sjálfskiptur eða beinskiptur – hvað hentar þér best?



Suzuki Alto beinskiptur

Verð kr. 1.840.000
Eyðsla í blönduðum akstri 4,3L/100 km
CO₂ 99g/km

Suzuki Alto sjálfskiptur

Verð kr. 2.290.000
Eyðsla í blönduðum akstri 5,1L/100 km
CO₂ 118g/km

FYRIR SKYNSAMT FÓLK



SUZUKI

TRAUST UMBOÐ
Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

Skipti mömmu út fyrir kærastann

Rúnar og Signý Arnórsbörn fögnuðu sigri á Eimskipamótaröðinni sem lauk í rigningu og roki á Hólmsvelli í Leiru um helgina. Foreldrar þeirra stóðu vaktina á hliðarlínunni enda glerharðir stuðningsmenn. Signý vann þriðja árið í röð en sigur Rúnars var sá fyrsti.

GOLF „Ég hef verið að bíða eftir því að hann klári þetta,“ segir Signý á léttu nótonum um litla bróður sinn. Signý verður 23 ára eftir viku en Rúnar varð 21 árs fyrr í sumar. Þrátt fyrir góðan árangur á golfvöllinum þvertur Rúnar fyrir að ríður sé á milli þeirra.

„Við höfum stutt hvort annað í gegnum súrt og sætt. Við samgleðjumst hvort öðru þegar vel gengur og styðjum hvort annað þegar illa gengur,“ segir Rúnar. Foreldrar þeirra eru þeirra dyggustu stuðningsmenn og missa ekki af því þegar systkinin keppa. Þau spila þó ekki golf frekar en Óskar bróðir þeirra, sem fór þó á sumarnámskeið á barnsaldri.

„Þess vegna voru kylfur til niðri í geymslu. Eg fór að fikta með þær úti í garði,“ segir Rúnar um fyrstu kynni sín af íþróttinni þegar hann var níu ára. Tveimur árum síðar fór hann að æfa og stóra systir elti hann út á völlum.

„Ég byrjaði á þúttvöllum og fór svo að mæta á æfingar. Um leið og ég fór að vinna og það gekk vel varð ekki aftur snúið,“ segir Signý. Þau systkini segja mikinn styrk í stuðningi foreldranna og neita því að það auki pressuna að vita af mömmu og pabba uppi á hól að fylgjast með.

„Mér finnst það fint og róandi. Ef eitthvað klikkar er nóg að líta í áttina til þeirra eftir stuðningi,“ segir Signý. Móðir hennar gegndi hlutverki kylfusveins hjá henni þar til fyrir þremur árum.

„Ég skipti henni út fyrir kærastann,“ segir Signý hlæjandi og leggur áherslu á að því hafi ekki fylgt dramatik.

Háskólagolfið hentaði ekki

Signý útskrifaðist úr Verzló vorið 2010 og hélt í kjölfarið til Alabama þar sem hún spilaði golf samhliða háskólanámi.

„Það var náttúrulega mjög gaman og geggjað að spila golf við þessar aðstæður allt árið. En það var eitthvað sem vantaði,“ segir Signý. Hún hafi ekki viljað pína sig áfram ytra, snúið heim og er í dag í fjarnámi í þroskaþjálfun samhliða starfi sínu hjá Myllunni. Rúnar er útskrifaður úr Flensborg og hóf á dögnum nám í sálfræði við Háskóla Íslands. Hugurinn stefnir út þótt hann hafi verið óviss um hvort það væri rétta skrefið.

„Á meðan maður er ungur á maður að lifa lífinu og prófa svona,“ segir Rúnar sem hugsaði málið vel í sumar. Hann hafi þó frestað allri vinnu fram yfir mótaröðina en ætlar nú að skoða skóla ytra og vinna í ferilskránni. Stefnan er sett á háskólanám vestanhafs frá haustinu 2014.

„Ef manni líkar þetta ekki þá kemur maður bara heim.“

Skiptir um nærbuxur og sokka

Greinilegt er að Rúnar og Signý bera mikla virðingu hvort fyrir öðru. Aðspurð hvaða styrkleika Rúnars í íþróttinni hún væri til í



SIGURSÆL Rúnar og Signý eru alin upp í Hafnarfirðinum og voru vel stemmd í foreldrahúsum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

að fá að láni segir Signý: „Hann er rólegur og yfirvegaður, sem er eitthvað sem margir mættu taka sér til fyrirmyndar.“ Hún væri líka til í að fá högglangd hans og kraft. Þegar Rúnar er spurður út í styrkleika systur sinnar segir hann hana mikinn „performer“. Hún geti spilað illa daginn fyrir mót en svo mæti hún til leiks eins og ekkert hafi í skorist. Rúnar segir systur sína algjörlega lausa við hjátrú og viðurkennir að vera að einhverju leyti hjátrúarfullur, sérstaklega samanborið við hana.

„Ég var rosalega hjátrúarfullur,“ segir Rúnar. Hann minn-

ist móts frá unglingsaldri þar sem hann skipti ekki um föt alla helgina. „En ég vann mótið,“ bætir hann við hlæjandi. Nú snúist þetta meira um að sum númer á boltum heilli hann meira en önnur. „Ég klæði mig ekkert alltaf í vinstri skóinn fyrst eða eitthvað svoleiðis og skipti um nærbuxur og sokka,“ segir Rúnar léttur.

Skiptar skoðanir um hanska

Einhverjir hafa veitt því athygli að Signý spilar alltaf hanskaless, sem virðist óalgengt í golfheiminum. „Ég hef aldrei kunnað við hanska. Það er bara í rosalega

miklum hita ef maður svitnar mikið sem ég nota hanska,“ segir Signý. Þar er bróðir hennar algjörlega á öndverðum meiði.

„Mér finnst rosalega óþægilegt að vera án hanska og get það næstum því ekki,“ segir Rúnar. Hann minnir þó á að það sé ýmislegt í golfheiminum sem virki kannski sérstakt en sé ekki. „Sumir þúttu alltaf með hanska en aðrir ekki,“ bendir hann á. Líklega séu það áhrif frá stærstu nöfnunum á PGA-mótaröðinni þar sem nánast allir eru með hanska og þúttu hanskalessir.

kolbeinntumi@365.is

citroen.is

BETRI REKSTUR OG AUKIN ÞÆGINDI

• 3,3 M³ - 4,1 M³ HLEÐSLURÝMI • 850 KG BURÐARGETA • 3JA MANNA • SPARNEYTINN •

CITROËN BERLINGO VAN 1,6 HDi
 VERÐ: 2.541.832 KR. ÁN VSK
 VERÐ: 3.190.000 KR. MEÐ VSK

NÝR CITROËN BERLINGO VAN

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

Öflug en sparneytin díselvél fyrir hagkvæman rekstur. Frábær vinnuástaða með 180° opnun á afturhurðum, giraffalúgu, rennihurð, lækkaðri hleðsluhæð, hárrí sætisstöðu og fjölda geymsluhólfa. Rúnar tvo farþega ásamt öikumanni.



Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
 Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



OPNUNAR TILBOÐ

ÓTRÚLEG OPNUNARTILBOÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUVÖRUM



NY
VERSLUN
STÆRSTA TÖLVU-
VERSLUN LANDSINS Í
HALLARMÚLA 2

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00



TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúli 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

Yfir 380 leikir í
beinni á 8.990 kr.
á mánuði gegn
3 mánaða
samningi

Pantaðu á
365.is eða
stod2.is

Sparnaður frá 53.760 kr. á ári!

Ljósbraðanet og heimasími innifalinn í allt að 12 mánuði gegn þriggja mánaða samningi.

ENSKI PAKKINN



Öflugt fríðindakerfi

Það margborgar sig að vera Vildar-áskrifandi. Þú einfaldlega mætir til samstarfsaðila, notar skráð kreditkort og afslátturinn reiknast sjálfkrafa! Skráðu þig núna á stod2.is/vild



Tónlist.is

3 mánuðir á Tónlist.is

Áskriftin veitir þér aðgang að Tónlist.is í þrjá mánuði. Sem áskrifandi getur þú sett saman þína eigin lagalista og hlustað þannig á alla uppáhaldstónlistina þína!



ENSKI BOLTINN

380 beinar útsendingar

Yfir 380 leikir í beinni

Sjáðu yfir 380 leiki í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 2 og fjórum hliðarrásum. Gummi Ben og félagar eru svo alltaf á vaktinni í Messunni, öll mánudagskvöld.



NETIÐ

Allt að 100 Mb/s

Netið innifalið gegn þriggja mánaða samningi

Veldu á milli Ljósleiðara eða Ljósnets. Allt að 100 Mb/s ljósbraði og 10 GB erlent niðurhal fylgir. Þú færir netið yfir til 365 og heldur núverandi sjónvarpsbúnaði. Athugið, aðgangsgjald 2.610 kr. og leiga á 550 kr. netbeini er ekki innifalið í tilboði.



HEIMASÍMI

Einfalt og fljótlegt

Hagkvæmur heimasími á hvert heimili

Það er ekkert mál að færa gamla númerið yfir til okkar og þú getur líka valið þér nýtt númer ef þú vilt.

MORGUNMATURINN



„Ég fæ mér mjög oft maltbrauð með smjöri, kjúklingaáleggi, osti og grænmeti. Svo drekk ég ferskjusafa með.“

Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir sjónvarpskona.

Gerði myndapátt fyrir blogg síðu Kenzo

Hulda Halldóra Tryggvadóttir stílisti tók að sér að gera myndapátt fyrir tískuhúsið Kenzo Paris.

„Þetta er myndapáttur sem verður birtur á heimasíðu Kenzo. Þau halda úti bloggi á heimasíðunni og myndirnar verða birtar þar. Ég sá um að stíliseri og Fríða María Harðardóttir sá um hár og förðun,“ segir Hulda Halldóra Tryggvadóttir stílisti. Hún hafði umsjón með stíliseringu fyrir myndapátt sem tekinn var hér á landi fyrir tískuhúsið Kenzo Paris, en merkið gekk í endurnýjun lífdaga eftir að hönnuðir Carol Lim og Humberto Leon tóku við sem aðalhönnuðir þess í júlí 2011.

Spurð út í verkefnið fyrir Kenzo segist Hulda Halldóra hafa fengið nokkuð frjálsar hendur við vinnuna. „Þetta er ný lína fyrir næsta vetur sem heitir Flying Tigers og í henni er hlébarðamynstur ríkjandi. Ég fékk flíkurnar sendar og átti svo að setja saman átta til tíu „look“. Mér voru engar reglur settar, þannig að þetta var mjög skemmtilegt og skapandi verkefni.“

Hulda Halldóra hefur starfað sem stílisti í rúm fjögur ár og vinnur meðal annars í búningadeild Latabæjar. „Ég hef aðallega

unnið við auglýsingar en einnig kvikmyndir og svo ýmis önnur verkefni. Nýverið sá ég um búningana í myndinni Grafir og bein sem kemur út snemma á næsta ári. Stílistastarfið er mjög fjölbreytt og skemmtilegt; besta starf í heimi,“ segir hún glaðlega.

Þegar hún er að lokum spurð út í framtíðaráform sín segist hún vera með ýmislegt á þróunum. „Framtíðin er enn óráðin, ég ætla þó að byrja á því að fara í frí til Indónesíu um áramótin,“ segir hún að lokum.



VANN FYRIR KENZO Hulda Halldóra Tryggvadóttir stílisti var beðin um að gera myndapátt fyrir Kenzo Paris.

MYND/ÚR EINKASAFNI



NÓG AÐ GERA Lag Steed Lord, Hear Me Now, hljómar á heimasíðu Solestruck en hljómsveitin var einnig að gera samning við stóra bókunarskrifstofu í Bandaríkjunum.

Solestruck aðdáendur Steed Lord

Lag með hljómsveitinni Steed Lord hljómar nú á vefsíðu hinnar vinsælu skóverslunar Solestruck.

„Eigendur Solestruck höfðu samband við okkur, sögðust vera aðdáendur Steed Lord og báðu um að fá að nota tónlist okkar á síðunni sinni,“ segir Svala Björgvinsdóttir söngkona. Lagið Hear Me Now með Steed Lord hljómar nú á heimasíðu skóverslunarinnar Solestruck. Síðan er vinsæl meðal skóunnenda víða um heim.

Að sögn Svölu hafa aðstandendur Solestruck hug á að fara í einhvers konar samstarf með Steed Lord. Aðspurð hvaða þýðingu þetta hefur fyrir hljómsveitina segir Svala að það sé alltaf jákvætt þegar tónlistin fær að hljóma á nýjum stöðum.

„Solestruck er mjög vinsæl skóbúð og hefur mikið fylgi á netinu. Tónlistin mun örugglega ná til nýrra hlustenda og það er alltaf jákvætt.“

Það er ýmislegt í farvatninu hjá Steed Lord, en meðlimir sveitarinnar skrifuðu nýverið undir samning við stóra bókunarskrifstofu í Bandaríkjunum. „Við vorum að skrifa undir samning við bókunarskrifstofuna Bond og hún mun nú sjá um að bóka okkur á tónleika í Norður- og Suður-Ameríku og í Kanada. Skrifstofan hefur meðal annars Moby og fleiri flotta tónlistarmenn á sínum snærum,“ segir Svala að lokum.

Húðfletta gestir með hávaða á Rokkjötnum

Bubbi Morthens mætir með stjörnum prýdda rokksveit á hátíðina í Kaplakrika.

„Það er bara magnarinn í ellefu, það er ekkert öðruvísi. Það verða engir eyrnatappar með í för,“ segir Bubbi Morthens. Hann verður aðalnumeri á tónlistarhátíðinni Rokkjötnum sem verður haldin í Kaplakrika í annað sinn þann 5. október. Með Bubba á sviðinu verður einvala lið rokkara: bróðir hans, Bergþór Morthens, Ingó Geirdal úr Dimmu, Flosi Þorgeirsson úr Ham og Björn Stefánsson úr Mínus. „Þetta verður alveg massíft rokk og ról,“ segir Bubbi, sem hlakkar mikið til.

Aðspurður segir hann að gömlu göðu löggin með Utangarðsmönnum, Egó og frá sólóferli hans verði spiluð á umræddum tónleikum. „Mér segir svo hugur um að það verði reynt að húðfletta menn með hávaða.“

Alls koma tíu hljómsveitir fram á Rokkjötnum. Auk Bubba og félagar stíga á svið Sólstafr, Agent Fresco, Dimma, Legend, The Vintage Caravan, Saktmóðigur, Kontinuum, Strigaskór nr. 42 og Ophidian I. Miðasala hefst á Midi.is í dag.

Snæbjörn Ragnarsson úr Skálmöld er skipuleggjandi hátíðarinnar. Hann er mjög ánægður með að hafa fengið Bubba til liðs við sig. „Ég er ótrúlega sáttur við að karlinn hafi tekið svona vel í þetta. Þetta nýrra „stöff“ hans er ekki mitt kaffi en það sem hann gerði þegar hann var á fullu í rokkinu er ódauðlegt. Ég stakk því að honum hvort við ættum ekki að setja alvöru rokkhundaband á bak við hann og gera þetta á gamla mátann og hann var miklu meira en til í það. Það er ekkert langt í rokkarann í gamla,“ segir Snæbjörn.

Um tvö þúsund manns sóttu Rokkjötna í fyrra og býst Snæbjörn við enn fleiri gestum í ár. „Þetta gekk ótrúlega vel í fyrra. En við þurfum að hafa fyrir því að láta þetta rúlla því við vorum ekki mjög fjársterkir. Maður finnur það núna að fólk veit af þessu og trúir á þetta. Það er búið að kveða niður þessar fáu efasemdarraddir sem maður heyrði í fyrra.“

frey@frettabladid.is



SPILAR Á ROKKJÖTNUM Bubbi Morthens verður með öflugum rokkara á bak við sig á Rokkjötnum í Kaplakrika.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjöllin hafa vakað og Hiroshima

Bubbi og félagar hafa úr fjölda rokkklaga að moða á Rokkjötnum. Á meðal vinsælustu laga Utangarðsmanna og Egó eru Kyrrlátt kvöld, Hiroshima, Poppstjarnan, Fjöllin hafa vakað, Stórir strákar fá raflost og Móðir.

Það er hundæði á Íslandi

Lagið Gláðasti hundur í heimi skoðað yfir 100 þúsund sinnum á Youtube.

„Það er hundæði á Íslandi,“ segir dr. Gunni, spurður út í vinsældir lagsins Gláðasti hundur í heimi.

Myndband við lagið hefur verið skoðað yfir eitt hundrað þúsund sinnum á síðunni Youtube. Lagið er það mest seldi á Tonlist.is og er í öðru sæti á vinsældarlista Rásar 2. Einnig er það bæði á vinsældarlistum Bylgjunnar og FM 957.

„Maður rennir alltaf blint í sjóinn með þessi lög sín. Stundum gerist ekki neitt en einstaka sinnum hittir maður á eitthvað svona sem virkar,“ segir dr. Gunni um lagið sitt. Ýmsir hafa tjáð sig um það á Youtube og sum ummælin eru ekki eins gleðileg og önnur. „Það er alls konar neikvæðni hjá einhverjum gelgjuunglingum. Maður reynir að sleppa því að

→ Dr. Gunni og vinir hans flytja Gláðasta hundur í heimi á Ljósanótt í Reykjanesbæ um næstu helgi.

lesa það til að það eyðileggi ekki fyrir manni daginn.“

Myndband með dansinum sem Jóhann Örn Ólafsson samdi við lagið hefur verið skoðað um 40 þúsund sinnum á Youtube og segist dr. Gunni vera búinn að læra dansinn í viðlaginu. „Þetta er mjög góður dans.“

Aðspurður hvort Gláðasti hundur í heimi muni slá barnalagi hans, Prumpufólkinu, við í vinsældum segir hann: „Það kemur í ljós í desember 2014 þegar ég fæ stefgjöldin.“



DR. GUNNI Myndband við Gláðasta hundur í heimi hefur verið skoðað yfir 100 þúsund sinnum á Youtube.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stundum gengur allt upp í Jólhúsinu
Mjög merkilegt ferðalag. Brjálaðislega flott!
Góður, Djólfæyan
„Fagurlega unnið listaverk“
ÁRU, Víðjón

MARGVERÐLAUNAD MEISTARAVERK

RAUÐ

SEM HREYFIR VIÐ, SPYR OG AFHJUPAR

Skelltu þér í áskrift!

Fim 5.9. Kl. 20 UPPSELT Sun 15.9. Kl. 20 Örfá sæti
Sun 8.9. Kl. 20 Örfá sæti Fös 20.9. Kl. 20 UPPSELT
Fim 12.9. Kl. 20 Örfá sæti Lau 21.9. Kl. 20

Miðasala | 568 8000 | borgarlekhus.is



ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ

DOMINO'S

1000 KR.

Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali. Ef þú sækir.
Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauffléttan botn.



VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!

KJÖTVEISLA: Skinka, pepperoni og nautahakk

📞 SÍMI 58 12345 📱 DOMINO'S APP 🌐 WWW.DOMINOS.IS



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR AF FÓLKI

Nýtt par

Heiða Kristín Helgadóttir, framkvæmdastjóri þingflokks Bjartrar framtíðar, og Guðmundur Kristján Jónsson, nemandi í borgarskipulagsfræði í Kanada, eru nýtt par. Párið mætti meðal annars saman í brúðkaup Bóasar Hallgrímssonar úr hljómsveitinni Reykjavík! Þegar hann gekk að eiga Sólveigu Helgadóttur lækni fyrr í sumar.

Heiða Kristín er fyrrverandi aðstoðarkona Jóns Gnarr borgarstjóra. Hún er dóttir Helga Péturssonar, sem gjarnan er kenndur við hina vinsælu hljómsveit Ríó tríó.



- sm

Tónlistin í fyrirrúmi

Víða er í skólum sérdagskrá fyrir nýnema þegar skólahald hefst á ný á haustin. Þannig byrjuðu til dæmis í gær nýnema- og stúdentadagar í Háskóla Íslands og standa fram á föstudag.

Af dagskránni þar má sjá hvernig tónlistarfólk er notað til að létta stemningu og leiða fólk inn í skólann. Í hádeginu í dag spilar til dæmis Einar Lövdahl, tónlistarmaður og ritstjóri Stúdentablaðsins, með hljómsveit og á morgun taka meðlimir Háskólansins sporið.

Á fimmtudag stígur Snorri Helgason á svið og á föstudag spilar hljómsveitin Kaleo.

- óká



Mest lesið **vísir**

- 1 Lokadagurinn í beinni: Hverjir enda hvar?
- 2 Ölfusingar heitir fyrir salíbunuferðunum
- 3 Segir sælgæti hafa eyðilagt golfferð
- 4 Ráðist á Justin Bieber
- 5 Heimspektir tölvuhakkarar í banastrúði

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM - FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM - FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

Gerðu gæða- og verðsamanburð



Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu. Fyrsta sending seldist strax upp! **Kíktu á www.reverie.com**

Frábært tilboð

REVERIE 75 með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 379.900.-

Proflex stillanlegur botn með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 249.900.-

REVERIE 75 með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 499.900.-

Proflex stillanlegur botn með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 369.900.-

- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótórar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur.
- Val um dökkan eða ljósan lit í bólstrun

Frábært kynningarverð á **MEMORY HEALTH CARE** þrýstijöfnunar-heilsudýnum

Mótast að líkamanum og veitir mjög góðan stuðning. Þyndardreifingin er mjög góð og álagspunktur við axlir og mjaðmir svo til engir. Kaldþrýstijöfnunarefni í efst lagi sem hjálpar við að viðhalda jöfnu hitastigi í líkamanum.

Stærð	Kynningarverð
80x200	94.900.-
90x200	99.900.-
120x200	119.900.-
140x200	139.900.-
160x200	149.900.-
180x200	169.900.-




Frábær hönnun



- Hægt að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.

- Glæsileg fjarstýring með standi.
- Tvær innstungur á baki til að hlaða farsíma, fartölvu o.fl.
- Einnig hægt að tengja borðlampa o.fl.



Saga / Freyja

Millistíf dýna Stíf dýna
 Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi. Góður lágbakstuðningur. Mýkra og betra axlasvæði. Þrýstijöfnunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar. Fullkomin nýting á svefnfleti.

Stærð	Með PU leðurbotni stgr.
153x203	144.900 kr.
160x200	149.900 kr.
180x200	169.900 kr.
180x210	179.900 kr.

*3.5% lántökugjald



12 mán.
 vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa

★★★★★

Fimm stjörnu verslun

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
 Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
 Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
 Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is